


**skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Enn í Latabæ
*Magnús Scheving hefur selt hlut sinn í Latabæ.*

**föstudagsviðtalið** 16




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**9. september 2011**
210. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




Örnólfur Thorlacius áttræður
*Fyrrverandi rektor MH skrifar dýrafræði á Grund.*
**tímamót** 22

Umdeildur Svíaprins
*Samband Karls Filips Svíaprins við fyrrum nærfatafyrirsætu hneykslar.*
**fólk** 34



Erfitt umhverfi
*Formaður knattspyrnudeildar Vals segir félagið ekki það eina í rekstrarvandræðum.*
**sport** 38

**veðrið í dag**




**VÍÐA NOKKUÐ BJART** Í dag má búast við norðaustlægri átt, víða 5-10 m/s en 10-15 m/s við NA-ströndina. Horfur á bjartviðri víða á landinu en NA- og A-lands verður skýjað og einhver úrkoma.
**VEÐUR** 4

# Norðurál bauð líka í hlutinn í HS Orku

**Norðurál bauð í hlut Geysis Green Energy í HS Orku. Ofan á varð að selja Magma Energy hlutinn. Ríkisstjórnin skoðaði að ganga inn í kaupin en ekkert varð úr því.**

**ORKUMÁL** Norðurál hafði hug á að kaupa hlut Geysis Green Energy í HS Orku árið 2009. Íslandsbanki sá um söluna og ákveðið var að ganga frekar að tilboði Magma Energy Sweden, dótturfyrirtækis kanadíska fyrirtækisins Magma Energy.

„Ég get staðfest það að Norðurál tók þátt í söluferli á bréfum í HS Orku sem Íslandsbanki hélt utan um. Íslandsbanki ákvað að selja hlutabréfin í HS til Magma. Við erum sannfærð um að okkar tilboð hafi verið mjög samkeppnishæft en samt sem áður var tilboði Magma tekið,“ segir Ágúst Hafberg hjá Norðuráli.

Kaup Magma á hlut Geysis Green voru mjög umdeild og fjármálaráðherra leitaði leiða til að ganga inn í kaupin fyrir hönd ríkisins.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lá undir ámæli á Alþingi í gær, en hann var sakaður um að hafa haft óeðlilega aðkomu að málinu. Steingrímur segir það af og frá, hann hafi verið að reyna að tryggja það að meirihluti, eða að minnsta kosti helmingur HS Orku, yrði í eigu innlendra aðila. Reynt hafi verið að koma saman eigendahópi en þær tilraunir hafi runnið út í sandinn.

Ágúst segir að einmitt það hafi Norðurálsmenn reynt; að koma saman eigendahópi um fjárfestingu í HS Orku. „Norðurál tók þátt í þessu söluferli til að tryggja að HS hefði fjárhagslegt bolmagn til að til að ljúka við orkuöflunarverkefni á Reykjanesi og standa við samningsskuldbindingar sínar vegna Helguvíkurálversins. Meðal annars bauðst Norðurál til þess að taka þátt í fjárfestingu í HS Orku sem minnihlutaeigandi með öðrum íslenskum fjárfestum, t.d. lífeyrissjóðum. Staðan í dag er sú að HS Orka er að reyna að komast undan skuldbindingum sínum sem skilgreindar eru í orkusamningi milli fyrirtækjanna.“

Deila Norðuráls og HS Orku um orkusölusamninga vegna álversins í Helguvík er fyrir gerðardómi. Búist er við niðurstöðum úr því máli í næstu viku. **- kóp / sjá síðu 4**

Athugun Ríkisendurskoðunar:
## Kvikmyndaskóli fór rétt með fé

**MENNTAMÁL** Ríkisendurskoðun segir ekkert benda til þess að ríkisframlög til Kvikmyndaskóla Íslands hafi runnið til annars en þeirrar starfsemi sem tilgreind er í styrktarsamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við skólann.

Ráðuneytið segir þetta hins vegar ekki breyta því að skólinn geti ekki uppfyllt skilyrði viðurkenningar um rekstrarhæfi. Ríkisendurskoðun rekur fjárhagsvanda skólans til þess að nemendum var fjölgað langt umfram viðmið gildandi samnings. „Vegna hinnar alvarlegu fjárhagsstöðu skólans vill Ríkisendurskoðun benda á að hún hefur margsinnis lýst þeirri afstöðu sinni að stofnanir ríkisins og aðilar sem ríkið hefur samið við um að veita ákveðna þjónustu eigi ekki að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrr en formleg fjárveiting liggur fyrir.“ **- gar / sjá síðu 4**



**TJALDA ÞVÍ SEM TIL ER** Stúdentar í Háskóla Íslands reistu í gær tjaldbúðir á túninu við aðalbyggingu skólans. Með því vildi Stúdentaráð vekja athygli á húsnæðisvanda háskólanema. Ráðið segir virkilega marga í vandræðum því stúdentaíbúðir séu of fáar og leiguverð á almennum markaði of hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tíu ára ævintýri að ljúka:
## Ísland varði nær milljarði í Potter

**FÓLK** Íslendingar hafa keypt Harry Potter-bækur, mynddiska og bíómiða fyrir 900 milljónir króna.



HARRY POTTER

„Þegar fyrsta myndin var frumsýnd fyrir tíu árum gerði enginn sér grein fyrir að þetta yrði svona stórt,“ segir Þorvaldur Árnason, framkvæmdastjóri Samfilm, sem hefur dreift öllum Harry Potter-myndunum hér á landi.

Ekkert æði sem mögulega gæti skákað sögunum um töfrastrákinn eftir J.K. Rowling er í augsýn en Þorvaldur segir að framleiðslufyrirtæki myndanna átta, Warner Bros, sé byrjað að leita að nýjum gullkálfi. **- fgg / sjá síðu 42**

Tæp 60 prósent meðmælt landakaupum á Fjöllum:
## Meirihluti hlynntur Nubo

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna er hlynntur því að leyfa kínverska kaupsýslumanninum Huang Nubo að kaupa stóra landareign á Grímsstöðum á Fjöllum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi.

Alls sagðist 59,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni mjög eða frekar hlynnt því að Nubo fengi að kaupa landið. Um 22,7 prósent sögðust hlutlaus og 18,2 prósent sögðust mjög eða frekar andvíg því að kaupin næðu fram að ganga.

Karlar eru samkvæmt könnuninni frekar hlynntir kaupunum. Um 65,2 prósent þeirra vilja heimila þau en 52,9 prósent kvenna. **- bj / sjá síðu 6**

**Afstaða til landakaupa**













SPURNING DAGSINS



*Jón, voru þessar rotþrær bara skítaredding?*

„Já. Það er mun betra að hafa hann í tanki en á floti í lauginni.“

Jón Jóhannsson í Mosskógum í Mosfellsdal hefur komið sér upp eigin skolphreinsistöð líkt og nágranni hans. Þeir töldu rotþrærnar litlu gagni þjóna.

Nýjar hagvaxtartölur frá Hagstofu Íslands valda vonbrigðum:

# Hagvöxtur minni en spár bentu til

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi var talsvert minni en spár höfðu gert ráð fyrir. Þetta kemur fram í tölum sem Hagstofan birti í gær.

Landsframleiðsla jókst um 1,4 prósent á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama ársfjórðung í fyrra. Á fyrsta ársfjórðungi var hagvöxtur 3,6 prósent á milli ára og því hefur nokkuð hægst á hagvexti. Í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær segir að þetta sé í takt við það sem hafi verið að gerast í nágrannalöndum okkar.

Helsti aflvaki hagvaxtar á öðrum ársfjórðungi var vöxtur í einkaneyslu en einkaneysla jókst um 5,1 prósent á ársgrundvelli. Sá vöxtur var þó minni en búist hafði verið við.

**4%** samdráttur varð á landsframleiðslu í fyrra samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofunnar. Áður hafði verið gert ráð fyrir 3,5% samdrætti.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Fjárfesting jókst um 1 prósent á ársgrundvelli borið saman við 3,5 prósenta vöxt á fyrsta ársfjórðungi.

Þá voru einnig birtar í gær endurskoðaðar hagvaxtartölur fyrir árið 2010. Hagstofan hafði áður sagt samdráttinn í landsframleiðslu á síðasta ári hafa verið 3,5 prósent en segir nú að hann hafi verið 4 prósent. Í Morgunkorninu segir að lækkunina megi rekja til minni útflutnings þjónustu en áður hafði verið reiknað og leiðréttingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Á móti var einkaneysla endurskoðuð upp á við. - mþl

Fundur utanríkisráðherra:

# Ítalir styðja umsókn Íslendinga

**UTANRÍKISMÁL** Franco Frattini, utanríkisráðherra Ítalíu, fundaði með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra í gær þar sem hann lýsti yfir stuðningi við umsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Fram kemur á vef ráðuneytisins að ráðherrarnir hafi rætt margvísleg mál. Frattini hafi meðal annars hvatt Íslendinga til að leita ráða hjá Ítölum „ef flækjur kæmu upp í samningunum“ og einnig kvaðst hann hafa mikinn skilning á mikilvægi fiskveiða í efnahagslífi Íslendinga. - þj

Loðnukvóti ákveðinn:

# Mega veiða 181 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnukvótinn fyrir íslensk skip á komandi vertíð verður rúm 181.000 tonn sem er nokkru minna en var á síðasta fiskveiðiári.



**LOÐNA** Ráðherra hefur ákveðið að loðnukvóti næsta árs verði 181 þúsund tonn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fór með þessu eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, en einnig var ákveðið að sumarveiðar á loðnu verði ekki leyfðar á næsta ári.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að væntanlega verði aflaverðmæti loðnu á næsta ári, miðað við hagstæða samsetningu bræðslu, frystingar og hringavinnslu, um 20 til 30 milljarðar íslenskra króna. - þj

Nýr á toppi auðvaldsins:

# Wengen er ríkastur Kínverja

**KÍNA Liang Wengen er ríkasti maður Kína, en eigur hans eru metnar á 9,3 milljarða Bandaríkjadala að því er kemur fram í úttekt tímaritsins Forbes.**



LIANG WENGEN

**Wengen er stjórnarformaður og helsti eigandi Sany Heavy Industry, sem framleiðir þungavinnuvélar. Verðmæti fyrirtækisins hefur aukist stórum síðustu ár og eru nú sjö stjórnendur þess meðal 400 ríkustu manna Kína.**

**Næstur Wengen, með eigur upp á 9,2 milljarða dala, er Robin Li, sem er stofnandi Baidu-leitarvefsins. Íslandsvinurinn Huang Nubo er í 129. sæti listans.** - þj



**ÞÚSUND FLÖSKUR Á FÆRIBANDI** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ræsti vélar Gosverksmiðjunnar fyrir tæpu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tappinn skrúfaður í flöskur Klettavatns

**Forsvarsmenn Gosverksmiðjunnar Kletts hafa hætt tímabundið framleiðslu á séríslenskum gosdrykkjum. Ekki er liðið ár síðan fyrirtækið hóf að selja vatn.**

**VIÐSKIPTI** Framleiðsla á gosdrykkjum úr íslensku vatni undir merkjum Gosverksmiðjunnar Kletts í Reykjavík var lögð niður í ágúst og starfsfólk sent heim. Viðræður um endurfjármögnun fyrirtækisins standa nú yfir. Óvíst er hvenær viðræðum lýkur og framleiðsla kemst í gang á ný.

Gosverksmiðjan Klettur hóf framleiðslu á gosdrykkjum með pompi og prakt undir merkjum KlettaGOSS og KlettaVATNS í desember í fyrra. Lögð var áhersla á að um íslenska framleiðslu væri að ræða og ekki stefnt að útflutningi vatnsins. Verðið var lægra en á öðrum gosdrykkjum og stefnt að því að auka fjölbreytni á drykkjavörumarkaði.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við segja fyrirtækið hafa farið af stað með of lítið eigið fé og hafi fljótlega þurft að kalla eftir nýju hlutafé til að halda framleiðslunni áfram. Þessu til viðbótar mun samkeppnin við Ölgerðina og Vífilfell á gosdrykkjamarkaðnum hafa verið erfiðari en stjórnendur Kletts reiknuðu með.



**ÍSLENSKIR GOSDRYKKIR** Á flöskum fyrirtækisins eru myndir af Íslendingum og textar úr íslenskum dægurlögum og bókmenntum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar rekstur hófst í Gosverksmiðjunni Kletti var fyrirtækið í eigu 25 einstaklinga, þeirra á meðal helstu starfsmanna ásamt vinum og fjölskyldum. Í tilkynningu fyrirtækisins sem gefin var út í tilefni af opnuninni fyrir tæpu ári kom fram að í hluthafahópnum væri enginn fagfjárfestir og enginn þekktur fjárfestir. Forðast hefði verið að taka lán til rekstrarins. Ekki liggur fyrir nú hvernig hlutafé skiptist. Eftir því sem næst verður komist hefur einhver hluti þess skipt um hendur.

Hvorki fyrrverandi né núverandi stjórnarmenn Gosverksmiðjunnar Kletts vildu tjá sig um málefni fyrirtækisins í samtali við Fréttablaðið í gær. Þeir vísuðu á Guðmund H. Magnason, sem sagður er stjórnarformaður. Ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar. Enginn framkvæmdastjóri er lengur skráður hjá fyrirtækinu. Ekki var heldur svarað í síma í Gosverksmiðjunni.

jonab@frettabladid.is

Kostnaður við þunglyndislyf:

# 488 milljónir sparast í lyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður Sjúkratrygginga við þunglyndislyf hefur lækkað um 488 milljónir króna á einu ári.**

**Tímabilið sem um ræðir er 1. júní 2010 til 31. maí 2011. Á þessu ári hafa álíka margir fengið ávísað þunglyndislyfjum og árið á undan, eða um 32 þúsund manns.**

**1. júní 2010 breyttust reglur þannig að aðeins er tekið þátt í kostnaði við kaup á hagkvæmustu lyfjunum. Notkun á þeim hefur því aukist. Mestu hefur þó breytt að verð á nokkrum lyfjum hefur lækkað vegna breyttra reglna og vegna nýrra samheitalyfja.** - þeb




**GADDAFÍ EFTIRLÝSTUR** Kona í Líbíu les tímarit með mynd af Gaddafí í kvenfötum. NORDICPHOTOS/AFP

Bráðabirgðastjórn Líbíu:

# Þrjátíu þúsund látnir í Líbíu

**LÍBÍA, AP** Naji Barakat, heilbrigðisráðherra í bráðabirgðastjórn uppreisnarmanna, segir að 30 þúsund manns hið minnsta hafi látið lífið í átökunum undanfarna mánuði. Fimmtíu þúsund hafi særst. Þessar tölur eru þó ekki staðfestar.

Saksóknari alþjóðlega sakadómstólsins í Haag fór í gær fram á aðstoð ríkja heims við að handtaka Múammar Gaddafí, sem hefur verið ákærður fyrir stríðsglæpi.

Sjálfur segist Gaddafí enn vera í Líbíu og hvetur stuðningsmenn sína til að gefast aldrei upp. - gb




Grunnskólabörnum Hjallastefnunnar kennt í leikskóla og safnaðarheimili:

# Skólasetning bíður nýrrar byggingar

**MENNTAMÁL** Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði hefur ekki verið settur formlega þar sem hús undir starfsemina er ekki tilbúið. Skólastarf er engu að síður hafið og nýbygging að rísa við hlið upprunalegs leikskóla Hjallastefnunnar.

„Við gerum ráð fyrir að geta sett skólann formlega 3. október,“ segir skólastjórinn Sara Dögg Svanhildardóttir. Börnin mæti þó þegar í skólann daglega og fái kennslu. Notast sé við hluta af húsnæði leikskólans, við hliðina á byggingarreitnum, og safnaðarheimili Víðistaðakirkju. „En lögum samkvæmt megum við ekki kalla það formlegt skólastarf fyrr en við erum komin í hús,“ segir Sara. Allt sé þetta gert í fullri sátt við foreldrahópinn.

Skólinn lenti á hrakhólum með húsnæði þegar færanleg bygging sem Hafnarfjarðarbær hafði leyft þeim að nota frítt var tekin og flutt í Vallahverfið í vor til að anna aukinni þörf fyrir leikskólapláss við leikskólann Bjarkarvelli. Í kjölfarið ákvað Hjallastefnan að reisa eigið hús.

Sara segir stöðuna bitna merkilega lítið á starfinu. „Þetta truflar okkur ævintýralega lítið. Það sem gerir það að verkum að þetta gengur upp er einstakur starfsmannahópur.“ - sh



**NÆSTUM TILBÚINN** Gert er ráð fyrir því að setja skólann formlega í nýju húsnæði 3. október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Hafðu bankann með þér

## Íslandsbanki býður fyrstur íslenskra banka upp á snjallsímaforrit

Snjallsímaforrit „app“ er, eins og nafnið bendir til, forrit sem bætir eiginleikum við snjallsímann þinn. Með appinu okkar getur þú tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann og nálgast margvíslega þjónustu.

- Yfirlit og staða reikninga
- Yfirlit og staða kreditkorta
- Millifærslur
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Samband við þjónustuver
- Staðsetning útibúa og hraðbanka

Þú færð nánari upplýsingar á **www.islandsbanki.is/farsiminn**

Skannaðu kóðann til að fá „appið“ frítt í símann.
Einnig er hægt að nálgast það á **m.isb.is.**

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-1759

## GENGIÐ 08.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,18 | 115,72 |
| Sterlingspund | 183,94 | 184,84 |
| Evra | 161,71 | 162,61 |
| Dönsk króna | 21,710 | 21,838 |
| Norsk króna | 21,352 | 21,478 |
| Sænsk króna | 18,066 | 18,172 |
| Japanskt jen | 1,4900 | 1,4988 |
| SDR | 182,80 | 183,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,0515

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nemendur Kvikmyndaskóla Íslands óskuðu liðsinnis ráðuneytisins:

# Neyðaráætlun um Kvikmyndaskóla

**MENNTAMÁL** Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, hefur skipað hóp til að finna lausn á málefnum nemenda Kvikmyndaskóla Íslands. Markmiðið er að finna viðeigandi kennslu fyrir þá sem skráðir eru í skólann nú þegar.

Nemendur komu að máli við ráðherra á mánudag og óskuðu eftir því að ráðuneytið tryggði námsframvindu þeirra og stæði vörð um gæði námsins.

Þeir telja að skólinn geti ekki uppfyllt skuldbindingar sínar við þá og óskuðu því liðsinnis ráðherra.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

„Nemendur óskuðu eftir innkomu ráðuneytisins við að finna bráðabirgðalausn svo þeir geti haldið áfram námi eins fljótt og kostur er,“ segir Svandís.

Starfshópurinn hefur óskað efir upplýsingum frá skólanum um námsframvindu nemendanna. Í framhaldi af því verður leiða leitað til að finna lausnir. Svandís segir að það verði að gerast á allra næstu dögum.

„Það er ljóst að þarna er um að ræða neyðaráætlun sem tekur hliðsjón af stöðu þessara nemenda. Við þurfum samhliða þessari ráðstöfun að vinna að stefnumótun um nám í kvikmyndagerð á Íslandi til lengri tíma.“

Svandís segir æskilegt að nýnemar geti skráð sig inn í nýtt námsfyrirkomulag haustið 2012. **- kóp**

Vöruskipti við útlönd:

# Mun meira flutt út en inn

**EFNAHAGSMÁL Verðmæti útflutnings í ágúst nam 55,5 milljörðum króna, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni. Innflutningur á sama tímabili nam 47,3 milljörðum króna. Vöruskipti við útlönd voru því hagstæð um 8,2 milljarða króna í ágúst.**

**Iðnaðarvörur og sjávarafurðir standa undan meginu af útflutninginum. Verðmæti útflutta iðnaðarvara nam tæpum 30 milljörðum og sjávarafurða tæpum 24 milljörðum. Mest er flutt inn af hrávörum og rekstrarvörum. - kóp**

Áskorun frá Heimili og skóla:

# Sýni varúð með barnamyndir

**BÖRN Heimili og skóli – landssamtök foreldra og SAFT skora á alla skóla, frístundaheimili og aðra í íþrótta- og tómstundastarfi með börnum og unglingum að fara gætilega með ljósmyndir úr starfinu.**

**„Sérstaklega þarf að huga að því hvaða efni er sett á vefinn. Dæmi eru um að sakleysislegum myndum úr sundferðum eða öðrum tómstundum sé breytt og þær jafnvel teknar úr samhengi með því að setja afrit á aðrar síður,“ segir í tilkynningunni. „Mikilvægt er að skoða vel allar friðhelgisstillingar á Facebook, merkja myndir og setja jafnvel klausu um höfundarrétt á myndavefi svo hægt sé að sækja rétt sinn ef út í það fer.“ - gar**

Berjatínsla háð leyfi eigenda:

# Bannað að tína á eignarlöndum

**NÁTTÚRA** Berja-, sveppa- og jurtatínsla er óheimil innan eignarlanda hér á landi sé leyfi eiganda ekki veitt.

Þó er öllum heimilt að tína í eignarlöndum til neyslu á vettvangi, en ekki til söfnunar. Sérstakt ákvæði er í náttúruverndarlögum um heimild almennings til að tína nytjajurtir á jörðum og er öll slík tínsla heimil utan eignarlanda, það er í þjóðlendum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Umhverfisstofnun.

„Sýna ber eiganda lands og nytjarétthöfum fyllstu tillitssemi og hlíta tilmælum þeirra um umgengni við landið og fylgja slóðum og stígum þar sem það á við,“ segir í tilkynningunni. **- sv**

# Ráðherra sakaður um afskipti af sölu

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sökuðu fjármálaráðherra um óeðlileg afskipti af kaupum Magma á hlut í HS Orku. Ráðherra segir það af og frá. Iðnaðarráðherra segir um eðlilegar áætlanir að ræða yrði af kaupum ríkisins á hlutnum.**

**ALÞINGI** Þingmenn Sjálfstæðisflokksins kröfðust þess að fjármálaráðherra gæfi þeim munnlega skýrslu um aðkomu sína að kaupum Magma Energy á hlut Geysis Green Energy í HS Orku. Vitnuðu þeir í frétt Morgunblaðsins, þar sem segir að Steingrímur J. Sigfússon hafi verið í leynimakki vegna málsins.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ljóst að fjármálaráðherra hafi lagt blessun sína yfir að Magma eignaðist helmingshlut í HS Orku. Það hafi brotið í bága við yfirlýsingar umhverfisráðherra um pólitískan vilja fyrir því að fyrirtækið væri í innlendri eigu.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vitnaði í Morgunblaðið þar sem sagt var að fjármálaráðherra hefði krafist fjölbreytni í viðskiptahópi fyrirtækisins.

Steingrímur segir það af og frá. Stjórnvöld hafi reynt að koma saman eigendahópi til að tryggja að HS Orka yrði að meirihluta, eða að minnsta kosti að helmingi, í eigu innlendra aðila. Það hafi öllum átt að vera ljóst, enda hafi verið margfjallað um málið í fjölmiðlum.

„Að öðru leyti var ekki fjallað um áform fyrirtækisins. Það var ekki verið að reyna að stýra því í hvað rafmagnið færi. Ég ræddi við Beaty [forstjóra Magma Energy] um almenna áherslur okkar um að auka fjölbreytni í orkunotkun. Beaty var sammála því, sem og því að æskilegt væri að fá sem hæst orkuverð. Þetta voru á engan hátt inngrip stjórnvalda,“ segir Steingrímur.



GAGNRÝNINN Formaður Sjálfstæðisflokksins og fleiri þingmenn flokksins voru gagnrýnir á fjármálaráðherra og sögðu hann hafa átt óeðlilega aðkomu að sölu HS Orku til Magma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir allar hugmyndir stjórnvalda um orkusölu fyrirtækisins hafa verið hluta af framtíðarsýn, færi svo að ríkið gengi á einhvern hátt inn í kaupin.

Menn voru að skoða alvarlega hvort hægt væri að ná saman hópi opinberra aðila, lífeyrissjóða, sveitarfélaga og ríkis, til að tryggja að fyrirtækið færi ekki í eigu erlendra aðila. Allir vita hvernig fór.“

Katrín segir fráleitt að tala um óeðlileg afskipti ráðherra. „Ég veit ekki til að fjármálaráðherra hafi einhver tök á að gefa HS orku einhver fyrirmæli.“

kolbeinn@frettabladid.is

Tekist á um viðveru:

# Kallað eftir forsætisráðherra

**ALÞINGI** Stjórnarandstaðan fór mikinn á þingi í gær og kvartaði yfir því að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra væri ekki viðstödd óundirbúinn fyrirspurnartíma ráðherra. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, forseti Alþingis, útskýrði að forsætisráðherra væri upptekinn vegna komu erlendra ráðamanna. Það sló ekki á gagnrýni stjórnarandstöðunnar.

Stjórnarliðar töldu ómaklega að Jóhönnu vegið, hún væri þaulsætin á þingi, nokkuð sem stjórnarandstaðan tók ekki undir. Stjórnarliðar minntu á að þetta væri annar fyrirspurnartíminn á þingstubbnum og forsætisráðherra mundi reyna að vera viðstaddur fyrirspurnartíma í næstu viku. **- kóp**

Athugun heilbrigðisfulltrúa:

# Ekkert að vatni Iceland Express

**HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skoðaði í síðustu viku drykkjarvatn flugvéla Astraeus á Keflavíkurflugvelli. Astreus flýgur fyrir Iceland Express.**

**„Fyrstu niðurstöður benda til þess að í lagi sé með vatnið,“ segir Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri HES.**

**Magnús segir að borist hafi nafnlaus kvörtun um að ekki hafi verið staðið rétt að dælingu drykkjarvatns á vélarnar. „Heilbrigðiseftirlitið gat ekki staðfest að eitthvað hefði farið úrskeiðis en tók gerlasýni af vatni tveggja flugvéla sem voru á stæði,“ segir Magnús. Kvörtunin mun hafa borist frá starfsmanni þjónustufyrirtækisins Birk Flight Services sem ekki hlaut áframhaldandi ráðningu þegar starfsfólki var fækkað um mánaðamótin. - gar**




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNAR Á NÝ**

Næstu daga verður norðaustanátt ríkjandi að mestu. Í dag verður vindur víða hægur en það hvessir heldur á Snæfellsnesi og við SA-ströndina á morgun. Búast má við nokkuð björtu veðri S- og V-til en austanlands verður heldur þungbúið og væta með köflum.



Á MORGUN 3-8 m/s en hvassara V- og SA-til.

SUNNUDAGUR NA-strekkingur við SA-ströndina.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 29° |
| London | 22° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 27° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 17° |
| París | 25° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# FERSKUR LAX Í HAUSTBÚNINGI fyrir 4

*að hætti Rikku*

800g - 1kg lax, skorinn í 4 bita
4 litlar kartöflur, þunnskornar
1/2 fennika, þunnsneidd
2-3 vorlaukar, sneiddir
4 sítrónusneiðar
4 ferskar timjangreinar, má líka nota þurrkað krydd

16 kirsuberjatómatar
2 tsk smjör
1 tsk sinnep
salt og nýmalaður pipar
4 álpappírsarkir

Hitið ofninn í 180°C. Raðið kartöflunum í miðja álpappírsörkina og saltið. Leggið laxinn ofan á kartöflurnar og saltið og piprið. Stráið fennikunni og vorlauknum yfir fiskinn og leggið sítrónusneið ofan á ásamt timjangrein, hálfri teskeið af smjöri og fjórðungi úr teskeið af sinnepi. Raðið tómötunum upp við laxbitann og lokið álpappírnum. Bakið í ofni í 20-25 mínútur.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 520/ 26% LDS*
Prótín: 50 g/ 100% LDS
Fita: 22 g/ 33% LDS
Kolvetni: 27 g/ 9% LDS
B12 vítamín: 5.9 mcg/ 98% LDS
Magnesíum: 102 mg/ 25% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Úrbeinað hangilæri**
tilvalið að sneiða í álegg




**Nautahakk**
100% nautakjöt




**Svínalundir**
frosnar, innfluttar




**Bláberja lærissneiðar**

## VINSÆLASTA FABRIKKU SKYRTERTAN Í HEIMINUM



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010




*Hellmanns majónes Frábært með öllum mat!*






















OPIÐ allan sólarhringinn
24 Hagkaup
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 11. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Býst þú við að Bjarni Benediktsson fái mótframboð í formannskjöri Sjálfstæðisflokksins?*

| | |
|---|---|
| Já | 80,2 % |
| Nei | 19,8 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgistu með deilum um Kvikmyndaskóla Íslands?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Átta repúblikanar sækjast eftir útnefningu sem forsetaefni flokksins:

# Tókust á um atvinnusköpun

**BANDARÍKIN, AP** Atvinnuleysið í Bandaríkjunum var helsta umræðuefnið í sjónvarpskappræðum átta repúblikana, sem allir sækjast eftir að verða forsetaefni flokksins í kosningunum haustið 2012.

Þeir Rick Perry, sem er ríkisstjóri í Texas, og Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, stærðu sig báðir af afrekum sínum við að skapa atvinnu.

Þeir þóttu koma best út úr kappræðunum, enda áttu hinir þátttakendurnir ekki auðvelt með að vísa í reynslu sína af atvinnumálum. Sérstaklega virtist Michele Bachmann, fulltrúi Teboðshreyfingarinnar, eiga erfitt með að fóta sig á þessu sviði og þótti ekki koma sérlega vel út úr þættinum.

Romney lét það ekki slá sig út af laginu að Perry hefur komið mun betur út í skoðanakönnunum undanfarið. Romney varði tíma sínum að mestu í að gagnrýna Barack Obama forseta, frekar en að gagnrýna mótherja sína úr Repúblikanaflokknum. **- gb**



**PÚSSAR NEFIÐ Á PERRY** Þegar hlé var gert á sjónvarpskappræðunum var tækifærið notað til að flikka aðeins upp á þátttakendur. NORDICPHOTOS/AFP

Borgin flýtir framkvæmdum:

# Leggur fram 180 milljónir

**REYKJAVÍK Framkvæmdum við Norðlingaskóla verður flýtt og hefur borgin ákveðið að veita 180 milljónum umfram það sem áætlað hafði verið til verksins.**

**Jón Gnarr borgarstjóri lagði þetta fram á borgarráðsfundi í gær og var tillagan samþykkt. Þar er lagt til að framkvæmdum verði flýtt þannig að allt skólahúsnæðið verði komið í notkun og skólalóð tilbúin á fyrri hluta árs 2012. Alls verður 1.100 milljónum króna varið til framkvæmda við Norðlingaskóla á árinu 2011.** **- sv**

Deilt um fundarstjórn forseta Alþingis:

# Þráinn vildi bera af sér sakir



**ÞRÁINN BERTELSSON**

**ALÞINGI** Þráinn Bertelsson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, fékk ekki að bera af sér sakir á Alþingi í gær. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, forseti Alþingis, hafði áminnt þingmenn um að gæta orða sinna, eftir að Þráinn hafði kallað úr sal „Klúður á heimsmælikvarða!“ Þar vísaði hann til málefna Kvikmyndaskóla Íslands.

Fjölmargir þingmenn töldu brotið á rétti Þráins, en forseti taldi ummæli sín eiga við þingmenn alla, ekki Þráin einan. Orðaskipti Ragnheiðar og Þráins má sjá hér að neðan:

**ÞB:** Ég bið um orðið til að bera af mér sakir.

**RR:** Forseti telur ekki ástæðu til að veita þingmanninum færi á að bera af sér sakir.

**ÞB:** Ég mótmæli þessari óstjórn forseta.

**RR:** Háttvirtur þingmaður getur gert það. **- kóp**




HEF FLUTT MIG UM SET

Býð alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna

Gerður Sævarsdóttir hársnyrtimeistari

GREIÐAN

Háaleitisbraut 58-60

sími 5813090 / 8621323


# Kjósendur VG helst á móti kaupum Nubo

**Stuðningsmenn Vinstri grænna skera sig frá öðrum með almennri andstöðu við að Huang Nubo fái að kaupa Grímsstaði samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Meirihluti landsmanna vill heimila jarðakaupin.**

**KÖNNUN** Innan við fjórðungur stuðningsmanna Vinstri grænna vilja að kínverski kaupsýslumaðurinn Huang Nubo fái að kaupa Grímsstaði á Fjöllum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem unnin var í gærkvöldi. Þetta er áberandi lægra hlutfall en meðal stuðningsmanna annarra flokka.

Alls sagðist 59,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni mjög eða frekar hlynnt jarðakaupunum. Um 22,7 prósent sögðust hlutlaus og 18,2 prósent sögðust mjög eða frekar andvíg.

Bæði innanríkisráðherra og kínversk stjórnvöld þurfa að samþykkja kaupin, eigi þau að ganga eftir.

Þegar skoðuð er afstaða fólks eftir því hvaða flokk það segist myndi kjósa, yrði gengið til þingkosninga nú, kemur í ljós að stuðningur við landakaupin er áberandi minnstur meðal stuðningsmanna Vinstri grænna.

Um 23,5 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú segjast mjög eða frekar hlynnt kaupunum og um 26,5 prósent segjast hlutlaus, en 50 prósent segjast mjög eða frekar andvíg því að kaupin nái fram að ganga.

Stuðningur við landakaupin er mun meiri meðal stuðningsmanna hins stjórnarflokksins. Alls sögðust 65,6 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar hlynnt kaupunum, 14,1 prósent sagðist hlutlaust og 20,3 prósent á móti.

Af stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins sagðist 65,1 prósent mjög eða frekar hlynnt kaupunum, 23,4 prósent sögðust hlutlaus en 11,4 prósent mjög eða frekar andvíg.

Stuðningur við jarðakaupin reyndist mestur meðal þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Úr þeim hópi sögðust 74,4 prósent hlynnt landakaupum Nubo, 9,3 prósent sögðust hlutlaus en 16,3 prósent andvíg kaupunum.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 8. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að kínverski kaupsýslumaðurinn Huang Nubo fái að kaupa land á Grímsstöðum á Fjöllum? Alls tóku 90,9 prósent afstöðu til spurningarinnar. **brjann@frettabladid.is**



**UMDEILDUR** Meirihluti landsmanna er hlynntur því að Huang Nubo fái að kaupa land á Íslandi en stuðningsmenn Vinstri grænna eru andvígari kaupunum en stuðningsmenn annarra flokka.

**Stuðningur við jarðakaup Huang Nubo**

**Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að kínverski kaupsýslumaðurinn Huang Nubo fái að kaupa land á Grímsstöðum á fjöllum?**




Flugslysið í Rússlandi beinir athyglinni að lélegu flugöryggi þar í landi:

# Medvedev vill færri flugfélög

**RÚSSLAND, AP** „Það þarf að fækka flugfélögum verulega, og það sem fyrst,“ sagði Dmitri Medvedev Rússlandsforseti, nýkominn frá slysstaðnum við Volgubakka þar sem farþegaflugvél fórst á miðvikudag.

Ekki er þó alveg ljóst hvernig hann hyggst ná því markmiði. Í Rússlandi eru nú starfrækt um 130 flugfélög, en 85 prósent allra farþega ferðast með vélum tíu þessara flugfélaga.

Medvedev hefur áður hvatt til endurnýjunar flugflotans og kynnt áætlanir um að gamlar vélar, sem framleiddar voru á tímum Sovétríkjanna, verði teknar úr notkun frá og með næsta ári.

Alls fórust 43 með vélinni sem hrapaði á miðvikudag, þar á meðal 36 manna rússneskt íshokkílið sem Rússar hafa haft í miklum metum, ásamt nokkrum erlendum íshokkístjörnum. Tveir menn komust af en eru illa slasaðir.

Slysið beindi enn á ný athyglinni að lélegum flugflota rússneskra flugfélaga, lélegu opinberu eftirliti með flugmálum, lélegri þjálfun flugmanna og íþyngjandi sparnaðarkröfum, sem hvarvetna draga úr gæðum. **gudsteinn@frettabladid.is**



**MEDVEDEV Á SLYSSTAÐ** Forseti Rússlands segir róttækar breytingar nauðsynlegar. NORDICPHOTOS/AFP


# Hreinlætisvörur




Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

– Afsláttt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 52973 01/11

# Hollari




## Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

## Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða ráðuneyti hyggst veita fjölmiðlaverðlaun á næstunni?*
2 *Hvaða íslenska fyrirtæki er fatahönnuðurinn Nicola Formichetti að vinna með?*
3 *Hvað heitir sænski þjálfarinn sem hefur lýst yfir áhuga á þjálfarastöðu íslenska landsliðsins?*

**SVÖR**

*1. Umhverfisráðuneytið. 2. CCP. 3. Lars Lagerbäck.*

Skattamál formanns danskra Sósíaldemókrata dregin fram í kastljósið rétt fyrir þingkosningar:

# Rannsókn hafin á leka á trúnaðargögnum

**DANMÖRK** Lögregluyfirvöld í Danmörku hafa hafið rannsókn á því hvort Skatturinn eða skattamálaráðuneytið hafi brotið persónuverndarlög með því að leka trúnaðargögnum um skattamál Helle Thorning-Schmidt, formanns Sósíaldemókrata, og eiginmanns hennar.

B.T. sagði fréttir af því í gær að Thorning-Schmidt hafi nýtt sér persónuafslátt eiginmanns síns, sem er skráður til heimilis í Danmörku, en greiðir þar ekki skatta. Þar af leiðandi hafi Thorning-Schmidt greitt minna en henni bar í skatta á sex ára tímabili.

Hún hefur sjálf lýst því yfir að hún eigi ekkert óuppgert við skattayfirvöld. Þá finnst henni það háalvarlegt að samskipti hennar við skattayfirvöld séu komin í hendur blaðamanna.

Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra og helsti pólitíski andstæðingur Thorning-Schmidts, vildi ekki tjá sig um málið sem slíkt, en hvatti þó til þess að rannsakað yrði hvernig skattagögnin höfnuðu í höndum BT.

Þingkosningar fara fram í Danmörku þann 15. september, en ekki er víst hvort þetta mál muni koma til með að skaða Thorning-Schmidt. Hún er talin líkleg til að hreppa stöðu forsætisráðherra, miðað við fylgi flokkanna í nýlegum skoðanakönnunum. - þj



**Í VANDRÆÐUM** Helle Thorning-Schmidt, formaður Sósíaldemókrata í Danmörku, er í kastljósinu vegna skattamála. Rannsókn er hafin á því hvernig trúnaðargögn lentu í höndum fjölmiðla. NORDICPHOTOS/AFP





**Prag**

**29. September í 3 nætur**

Frá kr. **59.900**

**Frábær þriggja nátta helgarferð - síðustu sætin!**

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta haustsins í þessari einstaklega fögru borg. Haustið í Prag er einstakt og frábært að heimsækja borgina og njóta lífsins. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni.

**Verð kr. 59.900**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

**Verð kr. 69.900**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Duo **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.500

**Verð kr. 79.900**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Clarion Congress **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.900

**Ath.** mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Flókin úrlausnarefni bíða hóps um staðgöngu

**Staðgöngumæðrun er bönnuð samkvæmt lögum. Á Alþingi hefst senn vinna við frumvarp sem mun heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað liggur að baki umræðunnar um staðgöngumæðrun?

Síðustu ár hefur umræðan um hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun orðið háværari, en hún er bönnuð samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum. Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp í lok janúar 2009 til að skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni um staðgöngumæðrun og hvort leyfa ætti staðgöngumæðrun hér. Niðurstaða hópsins var að ekki væri tímabært að heimila staðgöngumæðrun að svo stöddu, í júní í fyrra. Hópurinn hvatti til frekari umræðu og að fylgst yrði með þróun mála á Norðurlöndum því æskilegt væri að eiga samleið með grannþjóðunum.

Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun var lögð fyrir Alþingi í lok síðasta árs af Ragnheiði Elínu Árnadóttur og sautján þingmönnum úr öllum flokkum nema Hreyfingunni. Lagt var til að ráðherra skipaði starfshóp til að undirbúa lagafrumvarp sem heimilaði staðgöngumæðrun. Meðal annars ætti að leggja áherslu á að staðgöngumæðrun yrði aðeins leyfð í velgjörðarskyni, að sett yrðu ströng skilyrði fyrir henni til að tryggja réttindi, skyldur og hagsmuni staðgöngumæðra, foreldra og barna sem til yrðu með úrræðinu. Þá átti að leggja áherslu á að staðgöngumæður og foreldrar gerðu með sér bindandi samkomulag. Gert var ráð fyrir að frumvarp yrði lagt fyrir þingið ekki síðar en 31. mars, rúmum tveimur mánuðum eftir að rætt var um tilöguna. Að umræðunni lokinni fór tillagan til umræðu í heilbrigðisnefnd, þaðan sem hún var samþykkt með breytingum fyrr í vikunni.



**FÁIR ÞURFA ÚRRÆÐIÐ** Talið er að upp undir fimm pör á ári þyrftu að nýta sér staðgöngumæðrun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Staðan í öðrum löndum

**Úr nefndaráliti meirihlutans:**
„Í flestum löndum Evrópu er staðan sú að staðgöngumæðrun er ekki leyfð, þ.e. hún er ýmist bönnuð með beinum hætti eða með ákvæðum annarra laga, t.d. laga um tæknifrjóvgun eða laga um ættleiðingu sem koma í reynd í veg fyrir að staðgöngumæðrun sé heimil."

Staðgöngumæðrun er leyfð í Rússlandi, Ungverjalandi og Úkraínu með misströngum skilyrðum. Þá er staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni leyfð til dæmis í Bretlandi, Hollandi, Grikklandi og Georgíu. Engin ákvæði um staðgöngumæðrun eru meðal annarra í Belgíu, Króatíu, Tékklandi, Portúgal og Rúmeníu.

Staðgöngumæðrun er leyfð bæði í Kanada og Bandaríkjunum.

**Hvað er staðgöngumæðrun?**

Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona gengur með barn fyrir par eða einstakling og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi eftir fæðingu. Staðgöngumæðrun er yfirleitt skipt í hefðbundna og fulla staðgöngumæðrun. Hefðbundin er þegar staðgöngumóðirin gengur með barn sem erfðafræðilega er hennar. Full staðganga er þegar staðgöngumóðirin er ekki erfðafræðileg móðir barnsins. Í þessum tilvikum geta báðar kynfrumur komið frá væntanlegum foreldrum, en einnig getur önnur eða báðar kynfrumur komið frá kynfrumugjöfum.

Staðgöngumæðrun er enn fremur skipt í staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og hagnaðarskyni. Aðeins er vilji fyrir því að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni hér á landi.

**Hver er eftirspurnin?**

Talið er að upp undir fimm pör á ári myndu nýta sér staðgöngumæðrun á hverju ári yrði hún leyfð. Fjöldinn færi þó eftir því hverjum væri heimilt að nýta úrræðið auk þess sem fjöldinn gæti verið meiri fyrstu árin þar sem staðgöngumæðrun hefur ekki verið heimil hingað til.

Læknisfræðileg tilefni til staðgöngumæðrunar eru nokkur, samkvæmt skýrslu vinnuhópsins. Bein tilefni eru konur sem fæðast án legs, hafa sjúkdóma í legi – til dæmis krabbamein, legnám eða skemmdir í legi. Óbein tilefni eru konur sem myndu stofna lífi sínu og barns í hættu sökum sjúkdóma. Einnig konur sem hafa upplifað endurtekin fósturlát eða misheppnaðar tæknifrjóvganir. Önnur tilefni sem nefnd hafa verið, án þess að að baki séu læknisfræðilegar ástæður, er ef konur vilja ekki leggja á sig að ganga með og fæða barn, eða ef um er að ræða einhleypa karlmenn og samkynhneigð karlmannspör.

**Gagnrýni á tillöguna**

Í umsögnum um þingsályktunartillöguna settu margir fram efasemdir, á ýmsum forsendum. Meðal þess sem var gagnrýnt við sjálfa tillöguna var hversu stuttur tími væri ætlaður í vinnuna, ekki næg umræða hefði farið fram um málið til þess að frumvarp yrði tilbúið nokkrum mánuðum síðar. Í tillögunni sem fór úr heilbrigðisnefnd var tímarammanum breytt, og er nú gert ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram í síðasta lagi 1. mars 2012. Margir gagnrýndu einnig að staðgöngumæður og foreldrar gerðu með sér bindandi samkomulag. Mannréttindaskrifstofa Íslands sagði það til að mynda ganga þvert á mannréttindasjónarmið að gera samning sem svipti konu rétti yfir líkama sínum. Í hinni breyttu tillögu hefur þetta ákvæði verið tekið út. Í nefndaráliti meirihluta heilbrigðisnefndar kemur fram að ekkert samkomulag geti tekið frá konu skýlausan rétt til að ráða yfir eigin líkama. Jafnframt geti ekkert samkomulag tekið frá konu rétt til að teljast móðir barns, burtséð frá því hvaðan kynfrumur þess koma.

thorunn@frettabladid.is

*Á næstu dögum verður fjallað nánar um álitaefni um staðgöngumæðrun almennt í Fréttablaðinu.*

# Panasonic

ideas for life




42" Vreal PRO 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 2.000.000:1

Panasonic TXP42UX30

TILBOÐ 149.990

FULLT VERÐ kr. 179.990

Panasonic Blu-ray spilari á 9.990 ef keyptur með þessum tækjum

| | | | |
|---|---|---|---|
| 42" Vreal LIVE ENGINE 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 2.000.000:1 | 42" Vreal LIVE ENGINE 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 5.000.000:1 | 46" Vreal LIVE ENGINE 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 5.000.000:1 | 50" Vreal LIVE ENGINE 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 5.000.000:1 |
| Panasonic TXP42S30Y | Panasonic TXP42G30Y neo plasma | Panasonic TXP46G30Y neo plasma | Panasonic TXP50G30Y neo plasma |
| TILBOÐ 179.990 | TILBOÐ 239.990 | TILBOÐ 289.990 | TILBOÐ 349.990 |
| FULLT VERÐ kr. 199.990 | FULLT VERÐ kr. 269.990 | FULLT VERÐ kr. 314.990 | FULLT VERÐ kr. 369.990 |

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## AUKATILBOÐ

Panasonic 3D Blu-ray spilari á 19.990 ef keyptur með þessum 3D tækjum

| | | |
|---|---|---|
| 42" 3D FULL HD AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ! Wi-fi READY 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 2.000.000:1 | 50" 3D FULL HD AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ! 2D/3D CONVERTER 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 2.000.000:1 | 50" 3D FULL HD AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ! Vreal 3D 600Hz FULL HD 1920x1080p SKERPA 5.000.000:1 |
| Panasonic TXP42UT30Y | Panasonic TXP50UT30Y | Panasonic TXP50ST32Y neo plasma |
| TILBOÐ 199.990 | TILBOÐ 329.990 | TILBOÐ 379.990 |
| FULLT VERÐ kr. 239.990 | FULLT VERÐ kr. 349.990 | FULLT VERÐ kr. 399.990 |

Blu-ray Disc

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



**SPORÐREISTIST Í WASHINGTON** Kranabifreið sem notuð var til að gera við kirkju í Washington-borg olli meiri skemmdum þegar hún sporðreistist. NORDICPHOTOS/AFP

Einstakar fornleifar frá tímum Rómverja grafnar upp í Austurríki:

# Fundu rústir skylmingaþrælaskóla

**AUSTURRÍKI, AP** Mjög vel varðveittar rústir af skóla fyrir skylmingaþræla hafa fundist í Austurríki. Rústirnar eru hluti af 50 þúsund manna borg austur af Vín, sem var í blóma þar fyrir 1.700 árum. Borgin var mikilvæg hernaðar- og viðskiptaborg fyrir Rómverja.

Skólinn er sagður líkjast Ludus Magnus, stærsta skylmingaþrælaskólanum sem var í Róm. Skólinn er þó betur varðveittur en sá í Róm, en hann er enn neðanjarðar. Fundurinn er einstakur og heimsviðburður, segja yfirmenn í Carnuntum-fornleifagarðinum, þar sem skólinn er.

Hundruð þúsunda ferðamanna koma á hverju ári í garðinn til að skoða fornminjar. Uppgröftur hófst þar árið 1870 en aðeins lítill hluti borgarinnar hefur verið grafinn upp. Ekki hefur verið ákveðið hvenær reynt verður að hefja uppgröft á skólanum.

Þykkir veggir umlykja ellefu þúsund fermetra stóra jörð þar sem skólinn og aðrar byggingar voru. Þar voru vistarverur þrælanna, æfingasvæði og lítið keppnissvæði með áhorfendapöllum. Þá þykir líklegt að fyrir utan veggina hafi verið grafreitur fyrir þá þræla sem létust við æfingar. - þeb



**SKÓLINN** Mynd af því hvernig skólinn hefur líklega litið út, samkvæmt mati fornleifafræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskylduhjálp Íslands:

# Nýtt útibú opnað á Reykjanesi

**FÓLK** Útibú Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum hefur verið flutt í nýtt og stærra húsnæði.

Fjölskylduhjálpin opnaði útibú fyrir Suðurnesjabúa fyrir tíu mánuðum og hefur síðan verið í ókeypis húsnæði. Það var eignarhaldsfélagið Gullmolinn sem leigði út húsnæði við Hafnargötu til starfseminnar endurgjaldslaust. Nú hefur starfsemin verið flutt í stærra húsnæði í Grófinni 10c og verður úthlutað þaðan á fimmtudögum héðan í frá. - þeb



**LOÐNUVEIÐAR** Samtök íslenskra fiskimanna telja að ekki sé heimilt að krefja skip um aflaheimildir.

SÍF mótmæla frumvarpi:

# Ekki heimilt að krefjast veiða

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** **Samtök íslenskra fiskimanna (SÍF) telja að ekki sé heimilt að krefjast þess að skip búi yfir aflaheimildum til þess að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni, eins og segir í kvótafrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.**

**„Ekki verður séð að veiðar skips sem að hefur gilt veiðileyfi en er án aflaheimilda réttlæti sviptingu veiðileyfis, þó Fiskistofa hafi ítrekað beitt því úrræði. Komi til þess að skip félagsmanna verði svipt veiðileyfi af þeim sökum munu SÍF verja rétt félagsmanna fyrir viðeigandi dómstólum [...],“** - sv

Dæmdur fyrir brotahrinu:

# Fangelsi fyrir fjölda afbrota

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir fjölda afbrota framin á árunum 2008 til 2011.

Maðurinn, sem er pólskur að uppruna, er dæmdur fyrir sjö þjófnaðarbrot, einkum á snyrtivörum, að aka fjórum sinnum ökuréttindalaus og þrisvar sinnum undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, rækta og selja kannabisefni, falsa pólskt vegabréf og fleira. Auk tíu mánaða fangelsisrefsingarinnar er hann sviptur ökurétti ævilangt. - sh

# Réttmæti neyðarlaganna í umræðu fyrir Hæstarétti

**Málflutningur fór fram í gær fyrir Hæstarétti í máli þar sem tekist er á um hvort neyðarlögin sem sett voru haustið 2008 standist stjórnarskrá. Héraðsdómur staðfesti réttmæti þeirra en snúi Hæstiréttur þeirri niðurstöðu við eykst mögulegt tap íslenska ríkisins vegna dómsmáls varðandi Icesave um hundruð milljarða.**

**DÓMSMÁL** Málflutningur fór fram í gær fyrir Hæstarétti í máli almennra kröfuhafa í þrotabú gamla Landsbankans sem krefjast þess að innstæður á Icesave-reikningunum verði ekki metnar sem forgangskröfur í búið.

Í neyðarlögunum sem sett voru í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 var kveðið á um forgang innstæðna. Því er tekist á um hvort neyðarlögin standist stjórnarskrá.

Verði neyðarlögunum hnekkt vonast kröfuhafar til að fá allt að þriðjung upp í sínar kröfur en haldi þau gildi sínu rennur stærstur hluti þeirra fjármuna til breskra og hollenskra stjórnvalda sem endurgreiddu eigendum innstæðna á Icesave-reikningunum tap þeirra vegna reikninganna. Vinni almennir kröfuhafar málið er því viðbúið að mögulegt tap íslenska ríkisins vegna dómsmáls varðandi Icesave aukist um hundruð milljarða.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði almennum kröfuhöfum í óhag 27. apríl síðastliðinn en málinu var áfrýjað til Hæstaréttar. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að líta þyrfti til eðlis neyðarlaganna og þeirra aðstæðna sem uppi hafi verið í íslensku samfélagi þegar þau voru sett. Þá hafi þau verið sett með stjórnskipulega réttum hætti.

Þegar dómur Héraðsdóms lá fyrir sagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, um mikilvægan áfanga að ræða. Það yrði gríðarlegt áfall fyrir íslenska þjóð ef neyðarlögin myndu bresta.

Breska dagblaðið Telegraph sagði í gær að málinu yrði áfram áfrýjað til Evrópudómstólsins staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Héraðsdóms.

Málflutningur hófst klukkan átta í gærmorgun og stóð langt fram eftir degi. Sjö dómarar hlýddu á en óalgengt er að svo fjölmennur dómur taki fyrir mál. Málflutningurinn í dag beindist að innstæðum á Icesave-reikningum í Bretlandi en á morgun verður tekið fyrir sambærilegt mál sem beinist að innstæðum í Hollandi.



**HÆSTIRÉTTUR Í GÆR** Fjöldi breskra og hollenskra lögmanna fylgdist með málflutningnum í Hæstarétti í gær. Þýddu túlkar það sem fram fór en eftir því sem næst verður komist hefur það ekki verið gert áður í Hæstarétti. Þá var málflutningurinn tekinn upp sem er einnig nýmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nærri eitt hundrað almennir kröfuhafar standa að baki málinu sem er beint gegn slitastjórn Landsbankans. Telja kröfuhafarnir að með setningu neyðarlaganna hafi stjórnvöld skert verðmæti í þeirra eigu og þar með valdið þeim umtalsverðu tjóni á ólögmætan hátt.

Fyrir hönd kröfuhafanna tóku til máls hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson, Arnar Þór Jónsson, Óttar Yngvason, Eyvindur Sólnes og Gunnar Jónsson. Vísuðu þeir meðal annars til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglunnar. Þá sagði Ragnar ekki hafa verið sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið að grípa til þeirra úrræða sem gripið var til. Vægari úrræði hefðu náð fram sömu markmiðum. magnusl@frettabladid.is

FÖSTUDAGUR | 9. SEPTEMBER

13:00-14:30 REYKJAVÍK: BÓKMENNTABORG UNESCO
*Ráðhús Reykjavíkur*

20:00 UPPLESTUR | IÐNÓ
*Bergsveinn Birgisson | Denise Epstein Bjarni Bjarnason | Alberto Blanco Herta Müller*

LAUGARDAGUR | 10. SEPTEMBER

9:00-12:00 ÍSLENDINGASAGNAÞING

12:30-15:00 VIÐTÖL | NH
*Vikas Swarup & Pétur Blöndal | Paolo Giordano & Hjalti Snær Ægisson | Matt Haig & Ari Eldjárn | Ingo Schulze & Halldór Guðmundsson | Denise Epstein & Friðrik Rafnsson*

13:30-16:00 ORÐUM REYKJAVÍK
*Borgarbókasöfnin*

15:30-17:00 UPPLESTUR | NH
*Kristín Marja Baldursdóttir | Steve Sem Sandberg | Ísak Harðarson | Horacio Castellanos Moya*

20:00 BÓKMENNTAGANGA

22:00 BÓKABALL Í IÐNÓ
*með Geirfuglum*

SUNNUDAGUR | 11. SEPTEMBER

13:00-15:30 VIÐTÖL | NH
*Nawal El Saadawi & Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | Horacio Castellanos Moya & Sjón | Pia Tafdrup & Haukur Ingvarsson | Steve Sem-Sandberg & Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson | Kristof Magnusson & Ólafur Kristjánsson*

20:00 UPPLESTUR | IÐNÓ
*Oddný Eir Ævarsdóttir | Paolo Giordano | Pia Tafdrup Nawal El Saadawi | Eiríkur Örn Norðdahl*

NÁNAR Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS



Bókmenntahátíð | Dagskrá

Fínni veitingastöðum hefur fjölgað í Reykjavík:

# Segir pláss vera fyrir alla nýju staðina

**VIÐSKIPTI** Lokun tveggja rótgróinna veitingastaða í miðborg Reykjavíkur, La Primavera og Domo, benda ekki til þess að veitingastöðum hafi fjölgað um of. Þetta segir Hafliði Halldórsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara.



**HAFLIÐI HALLDÓRSSON**

Fréttablaðið sagði frá því í apríl að fínni veitingastöðum í Reykjavík hefði fjölgað nokkuð með opnunum Sjávargrillsins, Grillmarkaðarins og svo veitingastaðanna tveggja í Hörpu, Kolabrautarinnar og Munnhörpunnar. Með tilkomu þeirra fjölgaði sætum í miðborginni um 400.

Nýverið bárust fregnir af því að La Primavera í Austurstræti hefði verið lokað eftir 18 ára rekstur. Þá var Domo í Þingholtsstræti lokað í ágúst en verður þó hugsanlega opnaður á ný í breyttri mynd.

„Ég held að þetta séu bara eðlilegar breytingar. Þau hjá Primavera vildu einbeita sér að nýja staðnum sínum, Kolabrautinni, og ég veit ekki hvort Domo er búið að loka fyrir fullt og allt. Almennt hafa þessir nýju staðir gengið vel og eins flestir hinir gömlu. Það virðist því hafa verið rúm fyrir nýja staði. Það má kannski segja sem svo að þetta sé eðlilegt á meðan ferðamönnum hér fjölgar,“ segir Hafliði. - mþl




Þakstál • Þakrennur • Þakull • Rakasperruplast • Þakpappi • Þakdúkur • Bindiborði
Þaksaumur • Þakskrúfur Þaksperrur og festingar • Þakkantaefni og fleira!

## Húsasmiðjan selur íslenskt þakstál frá Límtré Vírnet.




## Húsasmiðjan selur íslenska þakull frá Steinull hf.




Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN

*Nánar á husa.is*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**
TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er bað lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN

Uppbygging Landspítalans við Hringbraut

# Vilja breyta ferðavenjum starfsfólks

**Fleiri starfsmenn Landspítala eiga að hjóla eða ganga til vinnu. Átakið á að draga úr umferðartöfum á álagstímum. Dýrara að byggja á nýjum stað.**



FYRSTI ÁFANGI Stefnt er að því að fyrsta áfanga nýs Landspítala verði lokið árið 2017.

Ljóst þykir að umferðartafir verði á álagstímum við stærstu starfstöðvar nýs Landspítala við Hringbraut. Meðal annars þess vegna ætlar spítalinn að standa að hugarfarsbreytingu. Markmiðið er að fleiri starfsmenn hjóli eða gangi til vinnu.

„Spítalinn hefur sett sér markmið um breyttar ferðavenjur starfsfólks til ársins 2015. Það verður endurskoðað í haust með hliðsjón af nýrri samgöngukönnun,“ segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri á Landspítala, sem er sérstakur ábyrgðarmaður samgöngustefnunnar.

Samgöngustefnan nær til allrar starfsemi spítalans óháð staðsetningu og jafnt til starfsfólks, sjúklinga og gesta.

Samkvæmt samgöngukönnun spítalans árið 2008 fóru fjórir af fimm með bíl í og úr vinnu, flestir á eigin bíl. Samtals 13 prósent fóru gangandi eða hjólandi. „Helmingur starfsmanna getur gengið eða hjólað á innan við 14 mínútum inn á lóð spítalans en hún er sú lóð borgarinnar sem best er tengd almannasamgöngum,“ segir Ingólfur.

Við fullbyggðan fyrsta áfanga spítalans er gert ráð fyrir stæðum fyrir örlítið færri bíla en nú komast fyrir á stæðunum við Hringbraut og í Fossvogi samanlagt. „Það er gert ráð fyrir 1.600 bílastæðum. Þau verða fyrir starfsmenn spítalans, sjúklinga, aðstandendur og nema,“ greinir Ingólfur frá.

Eftir byggingu nýs spítala verða skráðir starfsmenn á svæðinu við Hringbraut um 4.000, að því er segir á vef spítalans.

Þar segir jafnframt að umferðartafir verði á álagstímum við stærstu starfsstöðvar spítalans. Slíkar tafir geti haft áhrif á neyðarflutninga og aðra sem eigi brýnt erindi. Það að draga úr bílaumferð vegna starfsemi spítalans sé því einnig liður í að greiða og tryggja aðgengi neyðarflutninga.

Bent er á að nú noti bæði gestir og starfsfólk spítalans við Hringbraut bílastæði utan lóðar hans í óþökk íbúa í nágrenninu.

„Komi starfsmenn með öðrum hætti til vinnu en á bíl leita færri út fyrir lóð spítalans eftir bílastæðum,“ segir Ingólfur.

Hann bendir á að innleiðing samgöngustefnu og framkvæmdaáætlunar fyrir spítala í Bretlandi hafi leitt til 5 til 30 prósenta færri ferða á einkabíl til vinnu.

Ingólfur útilokar ekki að minni líkur verði á umferðaröngþveiti nálægt spítalanum verði hann reistur austan Elliðaáa. „Það getur vel verið að það komi eitthvað jákvætt út úr því með tilliti til umferðar. Það yrði hins vegar miklu dýrara að byggja þar. Kvennadeildin og barnaspítalinn verða áfram í notkun við Hringbraut. Háskólinn er með byggingar á svæðinu og það er mikilvægt atriði í huga margra að ákveðinn heilbrigðiskjarni myndist við svæðið. Það yrði dýrt að reisa nýjar byggingar fyrir heilbrigðisvísindasviðið líka. Það getur vel verið að það yrði styttra fyrir einhverja að bruna í austurátt en það er styttra á Hringbrautina fyrir þá sem koma með flugi.“



Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is







## Breytingar á aðalskipulagi

Í drögum að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 segir að matsvinna verði unnin samhliða. Fyrst og fremst verði fjallað um áhrif þess að fella byggingu Holtsganga úr áætlun en þeim var ætlað að tengja Sæbraut við Hringbraut.

Í matinu verði litið til væntanlegrar umferðar í miðbæ Reykjavíkur sem myndast verði ekki farið í gerð Holtsganga. Gerður verður samanburður á umferð með og án Holtsganga á Snorrabraut, Hringbraut, Sæbraut og Lækjargötu. Einnig verður fjallað um hugsanlegar breytingar á gegnumakstursumferð um Þingholtin.

Áhrif uppbyggingar á Landspítalalóðinni verða skoðuð nánar í umhverfismati deiliskipulags segir í drögunum sem dagsett eru þann 24. janúar 2011.

## Með áhyggjur af aðgengi sjúkrabíla



Sjúkraflutningamenn hafa lýst yfir áhyggjum af umferðarmálum í kringum nýjan Landspítala, að sögn **Birgis Finnssonar** varaslökkviliðsstjóra.

„Við vorum kallaðir á undirbúningsfund fyrir nokkru síðan og komum okkar sjónarmiðum á framfæri. Við lýstum yfir áhyggjum vegna mögulegra umferðarhnúta. Það hefur verið skipaður umferðarhópur til þess að fara í gegnum þessi mál með spítalanum til þess að tryggja aðgengi okkar þannig að menn lendi ekki í umferðarteppum. Við leggjum okkur ekki í hvar spítalinn er staðsettur. Nú er búið að ákveða að spítalinn verði þarna og svo spilum við úr því,“ segir Birgir.

## Aðkoma Skipulagsstofnunar engin



**Stefán Thors,** forstjóri Skipulagsstofnunar, segir skipulagsmál í hverju sveitarfélagi heyra undir sveitarstjórn. Aðkoma embættis hans að staðarvali nýs Landspítala hafi ekki verið nein.

„Það er alfarið sveitarstjórnarinnar að marka stefnu um legu vega og staðarval íbúða- og iðnaðarsvæða og svo framvegis. Aðkoma skipulagsstofnunar ríkisins að því er að fara yfir drög að aðalskipulagi sem á að fara að auglýsa. Stofnunin sér um að farið sé að lögum og reglum og að rétt sé staðið að kynningarmálum. Heilbrigðisráðuneytið stóð frammi fyrir þremur kostum og komst að þessari niðurstöðu en Landspítalinn hafði sitt að segja varðandi staðarvalið.“



**AÐALINNGANGUR** Spítalinn ætlar að standa að hugarfarsbreytingu hjá starfsmönnum og hvetur þá til að hjóla í vinnuna.

Gestur Ólafsson arkitekt og skipulagsfræðingur:

# Spítalinn verði austan Elliðaáa

„Það er gjörsamlega galið hvernig farið hefur verið með almannafé. Það hefur verið varið hátt í þrjú þúsund milljónum í vangaveltur um hönnun einstakra bygginga nýs Landspítala án þess að almennileg, forsvaranleg staðarvalsgreining hafi verið gerð.“

Þetta segir Gestur Ólafsson arkitekt og skipulagsfræðingur sem telur nýjan samgönguás í austurhluta borgarinnar ákjósanlegan stað fyrir nýjan Landspítala. „Byggðin austan til á höfuðborgarsvæðinu er að vaxa saman og mynda samgönguás sem nær frá Mosfellsbæ til Hafnarfjarðar og reyndar alla leið frá Borgarnesi til Keflavíkur. Spítalabyggingar endast ekki nema í 40 ár. Þá þarf að byggja nýtt og svæðið austan Elliðaáa er miklu rýmra.“ Gestur fullyrðir að ástandið á Miklubraut verði óviðunandi verði ekki af gerð Sundabrautar. „Það er gert ráð fyrir 50 þúsund bílum á Sundabraut á sólarhring í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Ef sá fjöldi bætist við umferðina á Miklubraut verður ástandið skelfilegt, einkum ef halda á uppi þokkalegu þjónustustigi.“

Gestur segir staðsetninguna koma öllum landsmönnum við. „Það tekur til dæmis hálfa klukkustund að aka frá Selfossi að Rauðavatni og það má ekki taka annan hálftíma eða rúmlega það að komast að spítalanum.“



GESTUR ÓLAFSSON

## Enn má íhuga nýtt staðarval



„Það þarf einhver að koma með frekari upplýsingar til þess að sannfæra mann um að þetta geti gengið upp,“ segir **Sigríður Snæbjörnsdóttir,** forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, um fyrirhugaða byggingu nýs Landspítala við Hringbraut.

„Auðvitað hræðist maður að þarna verði algjört umferðaröngþveiti. Ástandið er nógu slæmt fyrir. Ég get ekki ímyndað mér að það batni þegar þjappa á enn meiri þjónustu saman á þessu svæði nema til komi einhver tækni eða úrlausnir sem maður sér ekki í hendi sér nú,“ segir Sigríður.

Hún kveðst á sínum tíma hafa viljað að nýr Landspítali yrði í Fossvogi. Kostur númer tvö hefði verið í Vífilsstaðalandinu.

„Mikilvægt er að fólk sjái hvernig það kemst til og frá spítalanum. Annars er það ekki tilbúið að vinna með hugmyndinni. Með góðum vilja mætti enn íhuga nýtt staðarval.“

## Í samræmi við stefnu borgarinnar



„Samgöngustefna Landspítalans er í samræmi við þá samgöngustefnu borgarinnar að leggja áherslu á fleiri samgöngumáta, það er að allir komi ekki í einkabíl á sama tíma í vinnu og skóla,“ segir **Ólafur Bjarnason,** samgöngustjóri umhverfis- og samgöngusviðs.

Hann segir að bæta eigi aðstæður þeirra sem velja aðra ferðamáta en einkabílinn. „Menn sjá fyrir sér bættar almenningssamgöngur, fyrst og fremst með betri forgangi strætó. Forgangsreinin á Miklubraut hefur til dæmis reynst mjög vel. Borgin hefur einnig á stefnuskrá að gera átak í gerð hjólastíga og greiða leiðir hjólandi um borgina.“

Ólafur bendir á að margir eigi leið um nágrenni þess svæðis sem fyrirhugað er að reisa nýjan Landspítala á. „Ef spítalinn yrði staðsettur í austurhluta borgarinnar yrðu samgöngurnar að byggja alfarið á bílismanum. Nú búa býsna margir þeirra sem vinna á spítalanum í nágrenni við hann.“

Varðandi mögulega breytingu á búsetu starfsmanna þegar spítalinn verður kominn í gagnið segir Ólafur: „Þá verður vonandi búið að byggja meira af íbúðarhúsnæði í kring, eins og til dæmis á Valssvæðinu. Stefnan er að þetta byggðina í vesturhlutanum og fá meira jafnvægi í hana. Núna liggur straumurinn úr úthverfunum.“


FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# EVRÓPA



SAMRÆÐUR VIÐ FRÆÐIMENN

**Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands** stendur fyrir vikulegri hádegisfundaröð á haustmisseri en stofnunin hlaut nýverið Jean Monnet styrk til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi. Að auki fléttast inn í fundaröðina málstofur í samvinnu við aðra aðila. **Fundirnir fara fram í Odda 201 frá kl. 12-13 á föstudögum í vetur, nema annað sé tekið fram.**

DAGSKRÁ

**Í dag, 9. september, kl. 12 til 13 í Odda 201**
**Er öryggi smáríkja í Evrópu tálsýn?**
**Clive Archer**, prófessor emeritus í stjórnmálafræði við Manchester Metropolitan háskólann í Bretlandi

**Föstudagur 16. september**
**Kyn og þjóðaröryggi: Nýjar áherslur í varnarmálum í Evrópu**
**Annica Kronsell**, dósent í stjórnmálafræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð

**Föstudagur 23. september**
**Arabíska vorið og Evrópusambandið**
**Rosa Balfour**, fræðimaður og ráðgjafi við European Policy Centre í Brussel í Belgíu

**Föstudagur 30. september**
**Hversu áhrifamikil eru smáríki í ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins?**
**Diana Panke**, stjórnmálafræðiprófessor við University College Dublin á Írlandi

**Föstudaginn 7. október**
**Hátíðarmálþing Háskóla Íslands**
Nánar auglýst síðar

**Föstudagur 14. október**
**Lissabon sáttmálinn: Breytingar fyrir smáríki?**
**Gunilla Herolf**, yfirmaður rannsóknasviðs, Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI) í Svíþjóð

**Föstudaginn 21. október**
**Málþing um þróunarsamvinnu í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Þróunarsamvinnustofnun og Félagsvísindasvið Háskóla Íslands**
Nánar auglýst síðar

**Föstudaginn 28. október**
**Þjóðarspegillinn, ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum**
Sjá dagskrá á heimasíðu Félagsvísindasviðs www.fel.hi.is

**Föstudaginn 4. nóvember og laugardaginn 5. nóvember**
**Málstofa Alþjóðamálastofnunar á afmælisráðstefnu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands**
Nánar auglýst síðar

**Föstudagur 11. nóvember**
**Nýtt lýðveldi: stjórnmálaástandið á Írlandi eftir írska efnahagsundrið**
**Peadar Kirby**, prófessor í alþjóðasamskiptum og stjórnsýslufræðum við háskólann í Limerick á Írlandi

**Föstudagur 18. nóvember, kl. 9 – 16 í Norræna húsinu**
**Smáríki á norðurslóðum og við Eystrasaltið: Efnahagur, öryggi og sjálfsmynd**
Ráðstefnan er liður í rannsóknarverkefni sem styrkt er af norræna rannsóknarráðinu á svið hug- og félagsvísinda (NOS-HS)

**Föstudagur 25. nóvember**
**Vopnasala í Evrópu: Valdinu ögrað**
**Tomas Baum**, forstöðumaður Flæmsku friðarstofnunarinnar í Belgíu

Allir velkomnir

**Nánari upplýsingar: www.hi.is/ams**

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

Education and Culture
Lifelong Learning Programme
JEAN MONNET

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## KJÚKLINGUR
NETTÓ

LÍTTU Á VERÐIÐ!

**698** kr/kg
áður 798 kr/kg

# FERSKUR **KJÚKLINGUR** - FRÁBÆRT

### KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ



LÍTTU Á VERÐIÐ!

**2.098** kr/kg
áður 2.295 kr/kg

### KJÚKLINGAVÆNGIR
NETTÓ



**298** kr/kg
áður 349 kr/kg

### KJÚKLINGALEGGIR
NETTÓ

LÍTTU Á VERÐIÐ!



**698** kr/kg
áður 798 kr/kg

### GRILL SVÍNARIFJABITAR
KRYDDAÐIR



**398** kr/kg
áður 498 kr/kg

KJÖTSEL

### LAXASTEIKUR
M/ESTRAGONI & HVÍTLAUK
EÐA MANGÓ & CHILI

30% afsláttur



**2.099** kr/kg
áður 2.998 kr/kg

### SVEPPIR
250 G BOX
NÁTTÚRA

50% afsláttur



**165** kr/pk.
áður 329 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes



# VÍNARBRAUÐS-LENGJA
BAKAÐ Á STAÐNUM*

**46% afsláttur**

**299** kr/stk.
áður 549 kr/stk.

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

# VERÐ! **VERIÐ VELKOMIN** Í NETTÓ

## SÓLBERJAÞYKKNI
GEEBEE 3 L




**299** kr/stk.
áður 379 kr/stk.

## FÍKJUR EÐA SVESKJUR
250 G




**29% afsláttur**

**249** kr/pk.
áður 349 kr/pk.

## HAFRAKEX
ROYALTY 400 G




**27% afsláttur**

**139** kr/pk.
áður 189 kr/pk.

## DÖÐLUR
250 G




**199** kr/pk.
áður 249 kr/pk.

## TEKEX
ROYALTY 200 G




**79** kr/pk.
áður 99 kr/pk.

## SURPRISE EGG
PRINCESS EÐA TOYSTORY



**129** kr/stk.
áður 159 kr/stk.

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

**Tilboðin gilda 8. - 11. september**
eða meðan birgðir endast



**SIGURDAGUR** Magnús Scheving sér mikil tækifæri í kaupum Turner á Latabæ. Loksins hafi fyrirtækið aðgang að bæði sjónvarps- og vörudreifingu. Latibær hafi verið kló sem hafi verið að leita að rafmagni og fundið heilt raforkuver í Turner. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Latibær mun alltaf lifa mig

**Magnús Scheving segist vera fyllilega sáttur við sitt eftir að hafa selt Latabæ til bandarísku fjölmiðlasamsteypunnar Turner. Hann verður forstjóri fyrirtækisins hér á landi og klæðir sig aftur í Íþróttaálfsbúninginn í nýrri þáttaröð. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við Magnús um breytingarnar og framtíð þessa fyrirbæris sem hefur unnið hug og hjörtu barna úti um allan heim.**

Samkvæmt fréttatilkynningu sem send var út til fjölmiðla í gær um kaupin nemur fjárfesting Turner tveimur og hálfum milljarði íslenskra króna. Í kaupsamningnum er gert ráð fyrir því að söluandvirði hlutabréfa Magnúsar Scheving og eiginkonu hans, Ragnheiðar Melsteð, renni inn sem fjárfesting í nýtt félag Turner. Fyrirtækið gerir ráð fyrir því að þróa sérstakan Latabæjarheim á netinu, setja á markað alþjóðlega fata- og leikfangalínu ásamt því að hefja framleiðslu á nýrri sjónvarpsþáttaröð með Magnúsi í hlutverki Íþróttaálfsins. „Það var eiginlega erfiðasti hluturinn í samningnum, að leika Íþróttaálfinn, ég velti því fyrir mér hvort ég gæti það hreinlega," segir Magnús, sem upplýsir jafnframt að það hafi komið til tals að flytja alla Latabæjarframleiðsluna til Bandaríkjanna, sem hefði verið gríðarlegt áfall. „Okkur tókst hins vegar að sannfæra þá um að þetta væri best svona, að hafa hana hér á landi."

> Ég er ennþá með en þeir ráða öllu. Það hefur því eiginlega ekkert breyst hjá mér nema hvað að sviðið sem ég dansa á er orðið miklu, miklu stærra.

### Fundum raforkuver í Turner

Ár er liðið frá því að Turner sýndi því áhuga að kaupa Latabæ en fyrirtækið er eitt það stærsta í framleiðslu og dreifingu á afþreyingu í heiminum. „Við ákváðum að fara í endurskipulagningu á félaginu. Allir hluthafar vildu vera með og við ákváðum að finna kaupanda til að losa þá út." Magnús hefur verið á þönum síðastliðnar tvær vikur vegna kaupanna, varla sofið meira en fjóra tíma á sólarhring og það verður ekkert mikið meira um svefn á næstunni á meðan kaupin ganga í gegn. „Án gríns þá hefur fólk unnið hér bókstaflega dag og nótt."

Magnús verður eftir undirskriftina forstjóri í nýju fyrirtæki Turner-samsteypunnar. Hann lítur á daginn í gær sem sigurdag fyrir Latabæ en ekki sem persónulegan ósigur fyrir sig eins og einhverjir kynnu að halda. „Staðreyndin er sú að við höfum verið að leita að svona samstarfsaðila í mörg ár, fyrirtæki sem hefur yfir að ráða dreifikerfi í sjónvarpi og á vörum. Við höfum alltaf verið með annað hvort; vorum komin á vörumarkað en þá tók of langan tíma að komast í sjónvarp og svo öfugt." Magnús líkir Latabæ við kló sem hafi verið að leita eftir straumi. „Og við fundum eiginlega heilt raforkuver í Turner."

Magnús kveðst sáttur við þá stefnu sem Latibær sé að taka, vörumerkið sé smám saman að verða fært um að standa á eigin fótum eftir að hafa verið nátengt hans persónu. „Latibær á eftir að verða til án mín og á eftir að lifa mig."

### Bjargar breskum börnum

Magnús viðurkennir að honum finnist sorglegt að þeir sem fjárfestu með honum í Latabæ til að byrja með skuli ekki njóta þess í dag. En þetta sé saga frumkvöðla, hún sé öldudalur. Hann rifjar upp að þrisvar sinnum hafi Disney verið nálægt því að fara á hausinn þegar hann var að byrja. „Meðal annars vegna þess að hann vildi fá sinfóníuhljómsveit til að leika undir barnaefni. Það hafði aldrei verið gert áður." Hann segist á hinn bóginn aldrei eiga eftir að gleyma þeim sem tóku þátt í þessu ævintýri og hann verði þeim ævinlega þakklátur. „En nú eru að koma þrjú til fimm hundruð störf inn í landið og tveir og hálfur milljarður inn í efnahagskerfið. Ég á ennþá í Latabæ en er ekki að fá neina peninga, bara nýjan starfstitil. Ég er ennþá með en þeir ráða öllu. Það hefur því eiginlega ekkert breyst hjá mér nema hvað að sviðið sem ég dansa á er orðið miklu, miklu stærra."

Magnús viðurkennir að honum þyki stundum eins og Latibær njóti ekki sannmælis heima fyrir. Hann er til að mynda að fara hleypa af stokkunum nýju átaki með bresku ríkisstjórninni í beinni útsendingu á BBC á þriðjudaginn. „Við erum búnir að vera að skipuleggja þetta með forsætisráðherranum, David Cameron, í margar vikur. Bretar velja íslenskt fyrirtæki til að kynna fyrir börnum holla lífshætti. Ég held að menn fatti stundum ekki hvað Latibær er, það eru þrjátíu þúsund manns að fara hlaupa með okkur maraþon í Búlgaríu í næstu viku og við jukum grænmetisneyslu í Mexíkó um rúmlega tuttugu prósent. En það kveikir enginn á þessu á Íslandi."



**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Magnús Scheving og Jeff Kupsky, forstjóri Turner í Evrópu, fagna undirritun samninga um kaup Turner-samsteypunnar á Latabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Vilja hafa mig eins og ég er

Magnús segir mestu breytinguna fyrir sig persónulega þá að nú muni hann vinna fyrir aðra, það hafi hann ekki gert lengi. Hann hafi verið einn í baráttunni en nú hafi hann bandarískan risa á bakvið sig. „Og það verður forvitnilegt að sjá hvernig það fer í markaðinn, að maður er ekki lengur einstæðingur sem hefur örugglega hjálpað mér oft."

Magnús játar að hann svífi eilítið um í lausu lofti, hann viti ekki hvort það komi yfir sig einhver tilfinning þegar hann skrifi formlega undir samninginn við Turner. „Þetta er örugglega í síðasta skipti sem ég get sagt hvað sem er. Eftir undirskriftina verð ég að fylgja PR-stefnu Turner og það er enginn smá doðrantur að læra," en Turner setti það sem skilyrði að Magnús yrði forstjóri næstu fjögur ár. Eftir það getur hann hætt. „Maður þarf að læra á þetta og kannski breytast, ég held samt ekki. Ég held að þeir vilji hafa mig akkúrat eins og ég er."

Framleiðslan á nýju þáttunum hefst strax eftir áramót og Magnús upplýsir að þeir ætli sér að finna nýja fleti á þeim. Hann er jafnframt bjartsýnn á að fá Stefán Karl Stefánsson aftur til liðs við sig, fáir ef nokkrir geti leikið Glanna Glæp betur en hann. „Hann er okkar allra besti leikari og við Stefán höfum haldið góðu sambandi. Það er örugglega hægt að fá einhvern annan til að leika Glanna en Stefán gerir það best. Mér fyndist það líka vera við hæfi að við Stefán riðum saman út í sólarlagið þegar þættirnir renna sitt skeið."

HONDA
The Power of Dreams




Raðaðu þínum þörfum saman
Honda CR-V passar fyrir þær allar
á verði frá kr. **5.490.000** (á mán. kr. 63.315*)

**CR-V**

***Sannreyndu hvernig hagkvæmnin á Honda CR-V smellpassar***

*Rýmið passar fyrir fjöll af hamingju,*
*fjölstjörnuöryggið fyrir alla fjölskylduna,*
*sparneytnin fyrir skutlið,*
*búnaðurinn passar upp á stemmninguna*
*og allt á Honda-góðu verði.*
*Passar algjörlega.*

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

www.honda.is

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,8% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 10,12%. Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýgengi HIV-smits veldur óhug.

# Nöturlegar tölur um HIV-smit fíkla

Aldrei hafa fleiri greinst með HIV-veiruna á Íslandi en í fyrra þegar 24 greindust. Sautján hafa greinst á þessu ári, þar af þrettán sprautufíklar. Hlutfall sprautufíkla í hópi HIV-greindra er hvergi hærra en hér á landi þar sem 55 af þeim 271 sem greinst hafa með HIV á 26 árum eru sprautufíklar, og hlutur þeirra hefur aldrei verið meiri en síðustu ár.

Þetta eru heldur nöturlegar tölur og benda til þess að sofnað hafi verið á verðinum gagnvart þessum sjúkdómi sem fáir þekktu fyrr en undir miðjan níunda áratuginn.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Sjúkdómurinn vakti mikinn ugg þegar hann kom fyrst fram, ekki síst meðal ungs fólks. Tilkoma hans kallaði á stóraukna varkárni í kynhegðun sem margir tóku alvarlega. Endurteknar smokkaherferðir virtust bera árangur, ekki síst í hópi samkynhneigðra karla, sem á upphafsárunum var útsettasti hópurinn.

Eftir að nýgreiningum hafði stórlega fækkað um árabil hefur þeim fjölgað svo að nýju að hægt er að tala um faraldur og þá ekki síst meðal sprautufíkla. Samanburðurinn við Svíþjóð á nýgengi HIV-smits í hópi sprautufíkla er sláandi. Meðan hér í liðlega 300 þúsund manna samfélagi greinast tíu HIV-smitaðir sprautufíklar greinast fjórir í Svíþjóð þar sem tæpar tíu milljónir eiga heima.

Reynslan sýnir að fræðsla og forvarnir skila verulegum árangri í þeim hópi fólks sem er allsgáður og ábyrgur gerða sinna. Reynslan sýnir einnig að það er ekki nóg að upplýsa eina kynslóð heldur verður stöðugt að hamra járnið.

Þegar kemur að fíklunum er verkefnið hins vegar mun flóknara. Þar er um að ræða fullorðið sjálfráða fólk, einstaklinga sem örðugt er að passa upp á ef þeir kæra sig ekki um að láta gæta sín. Ætla verður að enn frekari fræðsla í forvarnaskyni hafi einhver áhrif. Sömuleiðis aðgerðir eins og bætt aðgengi fíkla að sprautum og nálum, og smokkum sömuleiðis. Þá má áreiðanlega auka aðgengi fíkla að heilbrigðis- og félagsþjónustuþjónustu og hvetja til árvekni gagnvart HIV hjá þeim sem þar taka á móti fíklum. Loks hlýtur að verða að skoða möguleika á tímabundinni frelsissviptingu í því skyni að afeitra fólk og leiða því fyrir sjónir þegar það er orðið edrú að það verði að fara í fíkniefnameðferð til þess að smita ekki aðra með þeirri óábyrgu hegðun sem fylgir vímuefnaneyslunni.

Að sama skapi er ljóst að til mikils er að vinna að ná tökum á HIV-smiti. Sem betur fer eru lífslíkur smitaðra allt aðrar og miklu betri en þær voru á upphafsárum HIV. Hins vegar er það alltaf mikið alvörumál að ganga með ólæknandi sjúkdóm, að ekki sé talað um ef smitberinn er ekki ábyrgur gerða sinna og gætir þess ekki að leggja sitt af mörkum til að verja þá sem hann umgengst gegn smiti. Loks skiptir miklu að hver HIV-greindur kostar heilbrigðiskerfið 160 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



**Loftið, sólin, sjórinn og fjöllin - hvað gerir ESB fyrir umhverfismálin?**

**Umræðufundur um Evrópusambandið og umhverfismál laugardaginn 10. september klukkan 11 - 13 í Iðnó.**

**Frummælendur**

**Svandís Svavarsdóttir**, umhverfisráðherra
Umhverfismál, Evrópusambandið og EES samningurinn

**Árni Finnsson**, formaður Náttúruverndasamtaka Íslands
Hvaða erindi á Ísland í ESB?

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**, fyrrverandi umhverfisráðherra.
Um umhverfisstefnu Evrópusambandsins.

**Páll Ásgeir Ásgeirsson**, rithöfundur og leiðsögumaður.
Enga merkimiða takk.

**Allir velkomnir**

**Fundastjóri**
Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandasamstarfs Vinstri - Grænna flokka.

Já! Ísland

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flóttinn mikli

Ásmundur Einar Daðason, áður þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, nú Framsóknarflokksins, skrifaði um atgervisflótta í Fréttablaðið í gær. Hann sagði opinber gögn sýna að brottfluttir umfram aðflutta væru 7.000 á árunum 2009 og 2010. Vissulega er rétt hjá þingmanninum að atgervisflótta á að hafa áhyggjur af. Hann er væntanlega að vísa í tölur frá Hagstofu Íslands, en þær sýna að árið 2009 voru brottfluttir umfram aðflutta 4.835. Árið 2010 hafði þeim fækkað til muna, voru 2.134. Samanlagt eru þetta 6.969.



### Hreyfing vinnuafls

Þetta er vissulega há tala og ástæða til að hafa áhyggjur af henni. Athyglisvert er að skoða hreyfingu íslenskra ríkisborgara. Árið 2009 voru brottfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram aðflutta 2.466 og árið 2009 voru þeir 1.703. Samanlagt eru þetta 4.169 og má því gera því skóna að hina 2.800 megi flokka sem vinnuafl á hreyfingu. Slæmt að missa, en kannski eðli alþjóðavæðingarinnar?



### Óvænt traustsyfirlýsing

Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra og starfsmönnum hans í ráðuneytinu barst traustsyfirlýsing úr óvæntri átt á Alþingi í gær. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skildi ekki að nokkur bæri brigður á sannleiksgildi fréttaflutnings. „Fréttin í Morgunblaðinu í morgun hlýtur að vera rétt, enda byggir hún á gögnum úr fjármálaráðuneytinu." Væntanlega trúir Sigurður Kári héðan í frá öllu sem nýju neti sem úr fjármálaráðuneytinu kemur.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lungu í langhlaup

**Þróunarsamvinna ber ávöxtu**



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Þegar jarðskjálftinn ógurlegi reið yfir Haítí í ársbyrjun 2010 fylgdust Íslendingar í beinni útsendingu með því hörmungarástandi sem alls staðar blasti við; eyðilegging og dauði. Almenningur brást skjótt við og sýndi mikið örlæti í fjárframlögum sínum til neyðaraðstoðarinnar.

Frjáls félagasamtök á borð við Barnaheill – Save the Children og Rauða krossinn veittu tafarlausa neyðaraðstoð til þeirra tveggja milljóna manna sem voru á vergangi í kjölfar hamfaranna. Það er þó aðeins upphafið af verkefnum hjálparsamtaka því uppbygging eftir slíkar hamfarir er langhlaup. Rauði krossinn og Barnaheill – Save the Children vinna nú bæði að langtímaverkefnum er lúta að aðstoð til fórnarlamba jarðskjálftans næstu fimm árin.

Haítí var, fyrir hamfarirnar, fátækasta land á vesturhveli jarðar. Ríflega helmingur landsmanna (54%) býr við mjög mikla fátækt og lifir af minna en Bandaríkjadal á dag. Aðeins 49% barna á Haítí voru skráð í skóla og af þeim sem skráð voru, sótti helmingur ekki skóla með reglubundnum hætti. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu og viðunandi næringu er mjög slæmt. Enn eiga þúsundir manna um sárt að binda, búa í tjaldbúðum og geta litla björg sér veitt.

> Við verðum að hafa kraft til að klára hlaupið því ávöxtur þess er ríkulegur; betra líf fyrir börn.

Í því uppbyggingarstarfi sem nú er unnið á vegum Rauða krossins og Barnaheilla – Save the Children er lögð áhersla á náið samstarf við heimamenn þannig að tryggja megi landsmönnum öllum, og sérstaklega börnum, öruggari og heilbrigðari framtíð og tilefni til vonar. Áhersla er lögð á svið eins og menntun, vernd, heilsu, næringu, vatn, sálrænan stuðning, hreinlæti, skjól, lífsviðurværi og mataröryggi.

Árangurinn af þessu starfi er strax farinn að skila sér en í þessu langhlaupi er enn langt í lokamarkið. Við verðum að hafa kraft til að klára hlaupið því ávöxtur þess er ríkulegur; betra líf fyrir börn og aðra íbúa Haítí.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allt verður gott í áfanga 2

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Landspítalasvæðið og raunar borgin öll eru full af óbyggðum seinni tíma áföngum. Sjálf aðalbyggingin er einungis fyrsti áfangi í húsasamstæðu sem öll átti að vera í sama stíl. Húsgaflinn á Læknagarði ber það með sér að menn hafi bara tekið sér pásu, og ætli að klára á eftir. Vestan Suðurgötu stóð svo í mörg ár steyptur grunnur að óbyggðu húsi Verkfræði- og raunvísindadeilda, uns möl var sturtað yfir hann og hann þannig nýttur undir bílastæði.

Við þessu er ekkert að segja. Á hverjum tíma reyna menn að byggja upp þær hagkvæmustu og bestu byggingar sem völ er á. Þau viðbótarhús sem Guðjón Samúelsson teiknaði á sínum tíma á lóð Landsspítalans þættu í dag ekki nægilega góð. Því verða þau ekki byggð. Eins liggja fyrir teikningar frá áttunda áratug seinustu aldar þar sem Læknagarður er einungis einn gangur í risastórri spítalabyggingu. Sú húsasamstæða verður heldur ekki byggð.

Að sjálfsögðu á að hugsa fram í tímann, en reynslan sýnir að hver samtími ákveður sig sjálfur. Þegar svokölluðum fyrsta áfanga nýs Landspítala-Háskólasjúkrahúss lýkur, hugsanlega fyrir lok þessa áratugar, verða næstu áfangar ekki byggðir nema eftir aðrar samkeppnir, aðrar umræður og aðrar ákvarðanir einhvers annars. Þetta þarf að hafa í huga. Svokallaður fyrsti áfangi spítalans á að geta verið borginni til sóma, einn og sér.

Margt í tillögum að nýja spítalanum er mjög gott. Það er reynt að skapa göturými með borgarbrag inni á svæðinu. Fyrirheit um hjólareinar og hjólageymslur lofa góðu. Ýjað er að því að til framtíðar eigi flestir bílar að vera geymdir neðanjarðar, og að geymsla þeirra eigi að kosta. Gjaldskyldunni og hjólamannvirkjum mun ég trúa þegar þau verða komin, og raunar varla þá. Það sem koma á í „öðrum áfanga“, eins og bílakjallarar og hús á jaðri svæðis, skoða ég með svipuðum fyrirvara og teikningar af hótelum á tunglinu í gömlum vísindatímaritum.

Í fyrsta áfanga nýs Landspítala, sem er sem sagt sá áfangi sem einhver von er um að muni rísa, er gert ráð fyrir 1.600 bílastæðum á lóðinni. Það er fjölgun um tæplega fimm hundruð frá því sem nú er.

Vissulega er verið að færa allan Borgarspítalann vestur en fimm hundruð stæði fjölga samt bílum á Miklubrautinni um það sem því nemur.

Væri ekki frekar ráð að bæta við færri stæðum, rukka fyrir þau og borga þeim starfsmönnum sem skilja bílinn eftir heima?

> Svokallaður fyrsti áfangi spítalans á að geta verið borginni til sóma, einn og sér.

Þegar ýjað er að því að tillögurnar feli í sér mikla fækkun stæða er nefnilega um dálitlar ýkjur að ræða. Heildarfjöldi stæða á sameinaðri lóð er nánast óbreyttur í fyrsta áfanga. Fækkunin kæmi fyrst og fremst í öðrum áfanga. Aftur: Hótel á tunglinu.

Þeir sem ákveða munu næstu stækkun spítalans munu standa frammi fyrir sömu ákvörðunum og þeir sem ráða stækkun hans nú. Munu þeir byggja bílakjallara í stað bílastæða ofanjarðar? Munu þeir virkilega rukka starfsfólk og sjúklinga fyrir stæði? Bílastæðakjallarar verða áfram massadýrir. Það verður áfram massaóvinsælt að rukka fyrir stæði. Það þarf að taka loforð um að allt sem sé dýrt, erfitt og óvinsælt verði gert seinna með talsverðum fyrirvara.

| COLOMBIANA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 10 | 14 |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COLOMBIANA | 5.50, 8 og 10.15(POWER) |
| THE DEVILS DOUBLE | 8 og 10.15 |
| CHANGE UP | 5.50, 8 og 10.15 |
| SPY KIDS - 4D | 4 |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

| FÖSTUDAGUR: | ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES |
|---|---|
| GE9N (FRUMSÝNING) | 21:00 |
| SANNLEIKURINN UM KARLA | 17:50 |
| SVÍNASTÍAN (SVINALANGORNA) | 18:00, 22:00 |
| BRIM | 20:00 |
| OSLÓ, 31. ÁGÚST | 22:00 |
| ANDLIT NORÐURSINS | 18:00, 20:00 |
| ANIMAL KINGDOM | 22:00 |
| MARY AND MAX | 20:00 |




VERTU FASTAGESTUR!
15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.




Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
Háskólabíó
laugardaginn 8. október kl. 19
Uppselt
Aukatónleikar kl. 23
Hestamennirnir og leikararnir
Hilmir Snær, Atli Rafn og Jói Sig
koma og taka lagið með Helga Björns
að hestamannasið.
Atli Rafn
Hilmir Snær
Jói Sig
Miðasala á miði.is
sena
RÁS 2
midi.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA KÖRFUBOLTALANDSLIÐIÐ** mætir í dag Kínverjum í fyrri æfingaleik sem fara báðir fram ytra. Leikmenn og þjálfarar komu á leiðarenda á miðvikudaginn eftir 28 klukkustunda ferðalag og fengu gærdaginn því til að hvílast og æfa sig. Leikurinn í dag fer fram í borginni Xuchang og hefst um hádegisbilið að íslenskum tíma.

Áhugi á landsliðsþjálfarastarfinu virðist vera mikill:

## Fyrrum þjálfari Indlands og Kína vill þjálfa Ísland

**FÓTBOLTI** Svo virðist sem margir innlendir og erlendir þjálfarar hafi áhuga á því að taka við íslenska landsliðinu af Ólafi Jóhannessyni sem hættir í október.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að á meðal umsækjenda um starfið sé hinn 63 ára gamli Englendingur, Bobby Houghton. Eflaust þekkja ekki margir Íslendingar kappann en hann hefur 30 ára reynslu í faginu og hefur þjálfað í tíu löndum.

Hann var síðast landsliðsþjálfari Indlands en lét af því starfi fyrir tveimur mánuðum. Houghton hefur einnig þjálfað landslið Kína og Úsbekistans svo fátt eitt sé nefnt.

Houghton gerði Malmö að stórveldi áður en hann lagðist í víking og kom liðinu meðal annars í úrslit Evrópukeppninnar árið 1979.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Houghton sé mjög spenntur fyrir því að þjálfa íslenska landsliðið og bíði nú svara frá KSÍ um hvort hann komi til greina í starfið.

- hbg



**BOBBY HOUGHTON** Hefur komið víða við á löngum ferli. NORDICPHOTOS/GETTY


**Íþróttakennarar - Sundþjálfarar**

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) óskar að ráða þjálfara til starfa hjá sunddeild félagsins. Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri ÍFR í síma 561 8226

**Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík**


# Öll félög í vandræðum

**Knattspyrnudeild Vals neyðist til þess að semja við leikmenn sína upp á nýtt vegna lausafjárvanda. Formaður hennar, Friðjón R. Friðjónsson, segir að öll íslensk félög séu í fjárhagsvandræðum sem komi til vegna launa leikmanna.**

**FÓTBOLTI** „Við erum að glíma við lausafjárvanda. Valur er ekki í greiðslustöðvun. Nú erum við að ganga í samningamál við okkar leikmenn,“ segir Friðjón R. Friðjónsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, um þau vandræði sem félagið glímir við þessa dagana. Knattspyrnudeildin gat ekki gert upp við leikmenn sína á réttum tíma í síðasta mánuði og er aftur að glíma við þann vanda þennan mánuðinn.

„Við eigum útistandandi skuldir sem hefur ekki gengið að innheimta. Þetta eru nokkuð háar upphæðir og stærstu upphæðirnar snúa að öðrum aðilum en beinum styrktaraðilum,“ segir Friðjón, en er hann þar að tala um að Reykjavíkurborg sé ekki að standa við skuldbindingar sínar gagnvart félaginu? „Að mínu mati er borgin ekki að standa við sínar skuldbindingar.

Vandinn er samt ekki bara tilkominn út af því. Félagið hefur einnig farið illa út úr því að ekki gengur jafn vel að leigja út Vodafonehöllina í dag og áður. Stór fyrirtæki eru ekki að halda eins stórar og flottar árshátíðir núna eins og fyrir hrun. Þar verður félagið af miklum peningum.“

### Vilja lækka laun leikmanna

Friðjón staðfestir að vinna við endurskoðun samninga leikmanna félagsins sé þegar hafin. Hann segir nauðsynlegt að ráðast í þær aðgerðir núna.

„Við erum í viðræðum við leikmenn um að taka upp samninga þó svo tímabili sé ekki lokið. Ég vil ekki segja einhverja ákveðna tölu um hvað það þurfi að lækka launin mikið. Markmið mitt er að koma rekstrinum í skynsamlegt horf,“ segir Friðjón, en hann telur öll félög á Íslandi vera í fjárhagsvandræðum. Vandinn sé ekki bara bundinn við Val.

„Ég fullyrði að öll félögin eru í einhverjum vandræðum. Valur er ekki eina félagið á Íslandi sem er í einhverju basli.“

Friðjón segir að knattspyrnudeildin hafi fundað með leikmönnum og komið hreint fram við þá varðandi stöðuna. Hann segir leikmenn hafa brugðist vel við enda sé hópurinn hjá Val einstakur.

„Viðbrögð leikmanna hafa verið þeim til sóma. Yfirveguð og menn hafa leitað upplýsinga. Enginn hefur skellt hurðum heldur hafa menn spurt hvað sé til ráða. Það er svo frábær andi í þessum hópi og menn standa afar þétt saman,“ segir Friðjón en hann reynir ekki að breiða yfir vandamálið.

### Ekki misst úr greiðslu í sjö ár

Friðjón segir vissulega vera erfitt að ráðast í þessar aðgerðir þegar mikilvægir leikir séu eftir í deildinni en takist liðinu að komast í gegnum þennan mótbyr standi félagið sterkara eftir.

„Valur er félag sem hefur ekki misst úr greiðslu í sjö ár. Það eru örugglega ekki mörg félög sem geta státað af því. Að við förum í þessar aðgerðir núna sýnir að okkur er full alvara í þessu máli. Við teljum að það sé betra fyrir alla. Illu er best aflokið. Ef það verður rétt staðið að málum gæti þetta orðið til þess að styrkja hópinn.“



**SÁ BESTI LÁNAÐUR** Það vakti talsverða athygli þegar Valsmenn ákváðu að lána Guðjón Pétur Lýðsson á dögunum. Hugsanlega var það gert vegna fjárskorts. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Of mikill kostnaður miðað við tekjur

Friðjón er gagnrýninn á umhverfið í boltanum.

„Umhverfi afreksíþrótta á Íslandi gengur ekki upp. Kostnaðurinn er of mikill. Ekki bara launin heldur almennt. Heildaraðgangseyrir félaganna yfir sumarið dekkar ekki nema brot af launakostnaði leikmanna og þjálfara,“ segir Friðjón, en hann segir leikmenn á Íslandi fá meira greitt en félögin ráði við.

„Ég er á því að launagreiðslur séu of háar. Það finnst mér vera klárt mál. Efnahagsumhverfið er líka erfitt og fyrirtæki eiga mjög erfitt með að styrkja íþróttafélög. Félögin eru að finna fyrir því. Tekjurnar eru ekki nógu miklar,“ segir Friðjón en hann kallar eftir frekara samstarfi félaganna.

„Það þarf að endurskoða reksturinn og félögin þurfa að ræða saman um leikmenn sem og um hið ágæta knattspyrnusamband. Það gengur ekki að það sé stríð á milli KSÍ og félaganna. Það gengur heldur ekki að KSÍ sé eitthvert eyland. Menn verða að vinna betur saman.“

henry@frettabladid.is


**Listhlaupadeild Skautafélags Reykjavíkur**

Skautaskóli fyrir börn og unglinga í Laugardal er hafinn.

Skráning fer fram á heimasíðu félagsins

**skautafelag.is**



Nú er kátt í höllinni

Skautafélag Reykjavíkur Listhlaupadeild

Munið Frístundakortið


Íslenska kvennalandsliðið verður án lykilmanns í leikjunum við Noreg og Belgíu:

## Edda hjálpar liðinu úr stúkunni

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari A-landsliðs kvenna, kynnti í gær 22 manna hóp fyrir komandi leiki við Noreg og Belgíu í undankeppni EM. Mesta athygli vekur að lykilmaðurinn Edda Garðarsdóttir getur ekki spilað vegna meiðsla og að Laufey Ólafsdóttir er komin aftur inn í landsliðið eftir fimm ára fjarveru.

„Við erum með svona hátt í 30 leikmenn sem eru í A-landsliðsklassa og gætu auðveldlega spilað A-landsleik án þess að veikja hópinn okkar mikið. Þetta var því mjög snúið,“ segir Sigurður Ragnar um valið.

„Okkur finnst það raunhæft markmið að við getum unnið riðilinn en auðvitað er það krefjandi og erfitt en við viljum hafa eitthvað erfitt og krefjandi að stefna á. Þetta er markmið sem stelpurnar settu sjálfar og þetta er það sem við vinnum eftir. Við viljum reyna að vinna riðilinn og þá verðum við að taka þessa heimaleiki og helst ná fullu húsi þar,“ segir Sigurður



**SIGURÐUR RAGNAR** Var kátur á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnar og hann vonast eftir góðum stuðningi. „Það er liðinu gríðarlega mikilvægt að fólk komi á völlinn og sýni stuðninginn í verki. Við eigum frábært lið og höfum náð frábærum árangri á þessu ári. “

Sigurður Ragnar hefur nánast alltaf getað stólað á Eddu Garðarsdóttur en að þessu sinni er hún frá vegna meiðsla.

„Edda er mjög mikilvægur leikmaður fyrir okkur. Hún stefnir samt á það að koma hingað og þá ætluðum við að nýta hana með því að láta hana vera uppi í stúku, horfa á fyrri hálfleikinn og sjá hvort hún reki augun í eitthvað. Hún er taktísk mjög góð og les leikinn mjög vel. Hún fer pottþétt að þjálfa þegar hún hættir að spila og ég held að þetta verði bara fín æfing fyrir hana og þarna nýtist hún liðinu líka,“ segir Sigurður Ragnar en hann kallaði á Laufeyju Ólafsdóttur sem kemur inn í liðið eftir fimm ára fjarveru.

„Ég er mjög spenntur að sjá það sjálfur hvar hún stendur á móti okkar bestu leikmönnum. Það er mjög jákvætt fyrir liðið okkar að hún var tilbúin að gefa sig í þetta verkefni. Hún hefur mikla reynslu og smitar út frá sér jákvæðni og leikgleði. Hún hefur svo marga kosti að bjóða liðinu,“ segir Sigurður Ragnar. Allan hópinn má sjá inn á Vísi.is

- óój


www.husa.is
LJÓS OG PERUR
LÆGRA VERÐ
17.900
MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR
Loftljós Kirkenes
Grátt, hægt að hækka og lækka.
6010670
10 stk.
690,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Perur Osram
Glóperur glærar.
10 stk. í pakka.
OSRAM
1.590
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Loftljós Discos
Hvítt 31 cm.
6003250
1.990
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Útiljós Marika
Vegghengt, 18,5 cm.
6000770
3 fyrir 2
1.999
10.000 klst
Sparperur Osram
Dulux Star Stick 11W E27.
6189384
1.479
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Kastari Design
Hvítur.
6001126
15.900
MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR
Útiljós Durban
6002052
2 stk.
1.799
8.000 klst
Sparperur Osram
Dulux Star MiniTwist 11W E27.
6189389
3.490
VIÐ MÆLUM MEÐ
Loftljós Ufo Mini
6010774
4.990
VIÐ MÆLUM MEÐ
Loftljós Athena
Gler.
6000696
699,-
Sparpera Osram
Dulux Value 8W E27.
6189466
Dulux Value 11W E27.
6189468
Dulux Value 15W E27.
6189470
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
6.000 klst
Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana
HÚSASMIÐJAN

## > Rhys Ifans

„Ég held að það sé stórlega vanmetið hve margar góðar hugmyndir menn hafa fengið yfir ölglasi á bar.“

***Rhys Ifans leikur í kvikmyndinni stórskemmtilegu Little Nicky, sem segir frá Little Nicky en móðir hans er engill og faðir hans er djöfullinn. Faðir hans vill setjast í helgan stein og við það skapast ótrúleg atburðarás. Myndin er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 21.20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR **SITUR RINGLUÐ EFTIR**

# *Mamma Waterboy er væminn lögfræðingur*



Lögfræðingar og þeirra störf eru vinsælt sjónvarpsefni. Um þá hafa verið gerðir óteljandi þættir og bíómyndir sem stundum er spennandi og skemmtilegt að fylgjast með, stundum ekki. Enda takmörk fyrir þeim sjónarhornum sem hægt er að finna á lögfræðifagið, eða hvað? Á sunnudaginn fylgdist ég með nýjum þætti þar sem lögfræðingur stundar störf sín í skóbúð! Kathy Bates fer með aðalhlutverkið í Harriet´s Law & Fine Shoes og mér fannst þátturinn byrja vel. Kathy er fyndin kelling, mamma Bobby Boucher í Waterboy!

Eftir farsælan feril sem lögfræðingur í einkaleyfum er hún rekin fyrir slugs og á leið hennar heim dettur ofan á hana maður af himnum ofan. Hún meiðir sig sem betur fer ekki mikið og fær að fara heim af slysadeildinni, en er þá undir eins ekin niður af bíl. Hún meiðir sig heldur ekki í það skiptið, opnar lögfræðistofu í skóbúð og fyrsti skjólstæðingur hennar verður sá sem datt af himnum ofan. Sá sem keyrði á hana fer að vinna hjá henni og hún snýr á glæpagangsterana í hverfinu með svalheitum. Allt er þetta voða skondið, eða þar til hún fer að flytja mál í réttarsal. Þá verður hún væmin eins og Ameríkönum einum er lagið og sannfærir harðsnúinn dómara um að sleppa skjólstæðingi sínum við fangelsisdóm. Hún fer einfaldlega fögrum orðum um hversu góður drengur hann er og horfir í augu kviðdómenda, meðan ljúf píanótónlist mallar í bakgrunni.

Ég sat eins og álfur í sófanum. Vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið og beið eftir að í væmnu ræðunni leyndust hnyttin eða kaldhæðin skilaboð, en svo var ekki. Þetta var bara alvöru væmin ræða amerísks lögfræðings eins og þær gerast bestar, eða verstar, eftir því hvernig á það er litið. Ég veit svei mér ekki hvort ég á að gefa þessum þáttum séns. Kannski einn, fyrir mömmu Bobby Boucher.

## RÚV

**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót kvenna í fótbolta.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Litlu snillingarnir** (11:12) (Little Einsteins)

**18.30 Galdrakrakkar** (35:47) (Wizard of Waverly Place) Bandarísk þáttaröð um göldrótt systkini í New York. Meðal leikenda eru Selena Gomez, David Henrie og Jake T. Austin.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** (Grindavík - Reykjanesbær) Spurningakeppni sveitarfélaga. Lið Grindavíkur og Reykjanesbæjar keppa. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.15 South Pacific** (South Pacific) Sjónvarpsgerð frá 2001 af hinum sígilda söngleik eftir Rogers og Hammerstein. Á eyju í Suðurhöfum í seinni heimsstyrjöld blómstrar ástin á milli ungrar hjúkrunarkonu og dularfulls Frakka. Leikstjóri er Richard Pearce og meðal leikenda eru Glenn Close, Harry Connick Jr. og Rade Serbedzija.

**23.30 Banks yfirfulltrúi: Eftirleikur** (DCI Banks: Aftermath) Bresk sakamálamynd. Alan Banks lögreglufulltrúi rannsakar dularfullt mannshvarf og morð. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Lorraine Burroughs, Samuel Roukin og Colin Tierney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Journey to the Center of the Earth**

**10.00 Funny Money**

**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**14.00 Journey to the Center of the Earth**

**16.00 Funny Money**

**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**20.00 Quantum of Solace**

**22.00 Armageddon**

**00.25 The Memory Keeper's Daughter**

**02.00 Lonely Hearts**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (29:175)

**11.00 Royally Mad** (1:2)

**11.50 The Amazing Race** (3:12)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ocean's Twelve**

**15.00 Auddi og Sveppi**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (12:21)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag - vetrardagskrá Stöðvar 2**

**19.31 Veður**

**19.40 Týnda kynslóðin** (4:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.

**20.10 Madagascar: Escape 2 Africa** Bráðfyndin talsett teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem er framhald hinnar geysivinsælu Madagascar. Eftir að hafa verið strandaglópar á Madagascar-eyju finna dýrin loksins leið til að komast aftur heim í dýragarðinn í New York. En flugið gengur ekki betur en svo að þau brotlenda í svörtustu Afríku þar sem þau eru hreint ekki öllum hnútum kunn.

**21.40 Little Nicky** Stórskemmtileg mynd um óvenjulegar fjölskylduerjur. Satan ræður ríkjum í helvíti og vill nú setjast í helgan stein, en hver tekur við hlutverki hans? Satan á þrjá syni en enginn þeirra virðist uppfylla nauðsynlegar kröfur. Það skyldi þó aldrei fara svo að starf djöfulsins yrði brátt úr sögunni?

**23.10 Death Proof** Death Proof er ein myndanna í Grindhouse-tvíleiknum sem gerður er af Tarantino og Robert Rodrigues. Tveir hópar vinkvenna lenda í kasti við morðóðan áhættuleikara sem notar bíl sinn sem drápstól. Myndin er í leikstjórn Quentin Tarantino.

**01.00 Planet Terror**

**02.45 The Kovak Box**

**04.30 The Rookie**

**06.25 The Simpsons** (12:21)

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.45 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

**18.15 England - Wales** Útsending frá landsleik Englands og Wales í undankeppni EM.

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.

**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**21.30 Cage Warriors** Útsending frá Cage Warriors bardagamóti þar sem Árni Ísaksson er meðal keppenda og mætir Frakkanum Gael Grimaud. Í húfi er Cage Warriors titillinn í veltivigt.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.25 Sunnudagsmessan**

**18.40 Man. Utd - Tottenham** Útsending frá leik Manchester United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.

**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga bestu knattspyrnumönnum heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.

**22.25 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**22.55 QPR - Bolton** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (26:28) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.20 Rachael Ray**

**18.05 Parenthood** (3:22) (e)

**18.55 Real Hustle** (10:10) (e)

**19.20 America's Funniest Home Videos**

**19.45 Will & Grace** (9:24)

**20.10 According to Jim** (4:18)

**20.35 Mr. Sunshine** (4:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma. Ben er í tilvistarkreppu og reynir að afla sér vinsælda meðal undirmanna sinna með misjöfnum árangri.

**21.00 The Bachelorette** (4:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem stúlka velur einn mann úr hópi 25 piparsveina. Ali og piparsveinarnir halda á stefnumót sem felur meðal annars í sér einkatónleika með Joshua Radin og þyrluflug. Tveir vonbiðlar eru svo sendir heim.

**22.30 30 Rock** (2:23) (e) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Liz sem nú er full af sjálfstrausti aðstoðar Pete sem hefur átt í miklum vandræðum í vinnunni.

**22.55 The Bridge** (10:13) (e) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar.

**23.40 Got To Dance** (2:21) (e)

**00.30 Smash Cuts** (29:52)

**00.55 Whose Line Is It Anyway?** (e)

**01.20 Judging Amy** (5:23) (e)

**02.05 Will & Grace** (9:24) (e)

**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**

**07.00 PGA Championship** (1:4)

**11.05 PGA Tour – Highlights** (35:45)

**12.00 PGA Championship** (2:4)

**17.45 Inside the PGA Tour** (36:42)

**18.10 Golfing World**

**19.00 World Golf Championship** (2:4)

**23.00 Golfing World**

**23.50 PGA Tour – Highlights** (32:45)

**00.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Chuck** (5:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Heimsréttir Rikku** (3:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.

**22.25 The Closer** (7:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi karlanna í lögreglunni.

**23.10 The Good Guys** (7:20)

**23.55 Sons of Anarchy** (7:13)

**00.40 Týnda kynslóðin** (4:40)

**01.15 Chuck** (5:19)

**02.00 The Doctors** (109:175)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.

**21.00 Motoring** Stígur keppnis á torfæruslóðum.

**21.30 Eldað með Holta** Kristján Þór eldar kjúkling með fjölbreyttum áherslum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT + 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.20**
**Týnda kynslóðin**

Björn Bragi og Þórunn Antonía halda uppi fjörinu á föstudagskvöldum. Meðal gesta þeirra eru leikararnir Jóhann G. Jóhannsson og Egill Ólafsson, sem meðal annars taka að sér að farða fegurðardrottningar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Foreldrahlutverkið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leynifélagið **20.30** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.50** Keeping Up Appearances **11.20** Fawlty Towers **11.50** ,Allo ,Allo! **12.20** ,Allo ,Allo! **12.55** The Inspector Lynley Mysteries **13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.30** Live at the Apollo **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Fawlty Towers **19.30** Skavlan **20.20** Skavlan **21.10** Skavlan **22.05** Live at the Apollo **22.50** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

## DR 1

**10.35** Dage i haven **11.05** Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten - Hundested **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.30** Ernst **14.35** Dyk Olli dyk **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Modstand **22.00** Bon Voyage **04.00** Noddy

## NRK 1

**10.55** Vår ville verden **11.00** Nyheter **11.05** Shakespeares skjulte koder **12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Drømmehaver **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Munter mat **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Partilederdebatt **20.05** Poirot **21.05** Kveldsnytt **21.20** Poirot. Tragedie i tre akter **21.50** Canal Road **22.35** Elbow i Abbey Road studio

## svt1

**10.15** Debatt **11.00** Från Lark Rise till Candleford **12.00** X-Games **12.45** Intervju ur Gomorron Sverige **13.00** Ishockey **15.45** Friidrott **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Friidrott **19.30** Dear Frankie **21.15** X-Games **22.00** Kommissarie Barclay **23.00** Rapport **23.05** Elvis, schampo och traktorer **00.05** Rapport **00.10** Inside I'm dancing **01.50** Rapport **01.55** Doobidoo **02.55** Rapport **03.15** Go'kväll









*„Lagið Woman in Love með Barbra Streisand. Það er svona lag til að syngja hátt með á meðan maður málar sig fyrir djammið.“*

Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni.

# Heimsmeistari og leikari í dómarasætinu

„Ég var strax mjög spennt fyrir þessu og það er gaman að vera með,“ segir Karen Björk Björgvinsdóttir dansþjálfari, en hún þreytir frumraun sína í sjónvarpi þegar hún sest í dómarasætið í nýjum dansþætti á RÚV.

Karen Björk verður hluti af dómaratríói sem einnig er skipað Katrínu Hall og Gunnari Helgasyni leikara. Auk þeirra þriggja verður fenginn einn gestadómari til liðs við þau í hverjum þætti, en þættirnir fara í loftið í október.

„Við erum mjög ánægð með þetta dómaratríó, tvær fagmanneskjur og svo er Gunnar fenginn inn sem rödd áhorfandans. Mér skilst reyndar að hann sé lunkinn dansari en hann er líka vanur því að halda áheyrnarprufur,“ segir Þór Freysson hjá Saga Film, sem sér um að framleiða þættina fyrir RÚV.

Karen var heimsmeistari í samkvæmisdönsum árið 2003 en hún hefur nú lagt keppnisskóna á hilluna og snúið sér alfarið að þjálfun.

„Það er auðvitað smá fiðringur í manni fyrir fyrsta þáttinn en annars er ég öllu vön. Þegar við vorum að keppa fylgdi því að vera í fjölmiðlum. Nú verður þetta bara gaman og ég ætla að vera hreinskilinn dómari.“

Karen er handviss um að þátturinn eigi eftir að hafa góð áhrif á dansmenninguna enda aragrúi af efnilegu dansfólki á landinu. „Ég ætla að mæla eindregið með þátttöku við alla mína nemendur enda tilvalið til að koma sér og listinni á framfæri.“

Skráning í prufurnar, sem fara fram 1. og 2. október, hófst í dag en hún fer fram á vefsíðu Ríkissjónvarpsins, ruv.is. Sigurvegari þáttanna fær eina milljón króna í verðlaun. **- áp**



**FRUMRAUN Í SJÓNVARPI** Karen Björk Björgvinsdóttir er ein af dómaratríóinu í nýjum dansþætti á RÚV. Hún er fyrrverandi heimsmeistari í samkvæmisdönsum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán var svo óheppin að týna símanum sínum í Búlgaríu á dögunum. Fjölmiðlar þar í landi hafa fjallað talsvert um hrakfarir fyrirsætunnar og tilraunir hennar til að finna símann. Þeir íslensku hafa einnig fylgst með, en DV greindi frá málinu á dögunum og birti viðtal við Ásdísi þar sem hún sagði fundarlaunin vera árituð eintök af tímaritunum Playboy og Maxim með ögrandi myndum af henni á forsíðunum. Nú hefur Ásdís hækkað fundarlaunin, en sá eða sú sem finnur símann á von á 200 búlgörskum levum, sem eru um 16 þúsund íslenskar krónur. **- afb**





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 9.9. Kl. 19:30 18. sýn. | Fös 16.9. Kl. 19:30 20. sýn. |
| Lau 10.9. Kl. 19:30 19. sýn. | Lau 17.9. Kl. 19:30 21. sýn. |

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 29.9. Kl. 19:30 Frums. U | Fös 7.10. Kl. 22:00 2. aukasýn. | Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 16:00 2. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 16:00 6. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn. |
| Sun 2.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Sun 9.10. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. |
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. aukasýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fös 14.10. Kl. 22:00 3. aukasýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20.10. Kl. 19:30 Frums. U | Fim 3.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. |
| Fös 21.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Fös 4.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. |
| Fim 27.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 8. sýn. | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 17.9. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 25.9. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fös 7.10. Kl. 19:30 9. sýn. |
| Sun 18.9. Kl. 19:30 2. sýn. U | Fös 30.9. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 19:30 10. sýn. |
| Fös 23.9. Kl. 19:30 3. sýn. U | Lau 1.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Sun 9.10. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 24.9. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Sun 2.10. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Sun 11.9. Kl. 14:00 33. sýn. | Sun 25.9. Kl. 14:00 35. sýn. |
| Sun 18.9. Kl. 14:00 34. sýn. | |

**Verði þér að góðu** (Kassinn)

| |
|---|
| Lau 10.9. Kl. 19:30 |
| Sun 11.9. Kl. 19:30 |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | |
|---|---|
| Fös 9.9. Kl. 22:00 | Fös 23.9. Kl. 22:00 |
| Fös 16.9.Kl. 22:00 | Fös 30.9. Kl. 2:00 |

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI
Sími í miðasölu 5511200


ÞORVALDUR ÁRNASON: ÞAÐ SÁ ÞETTA ENGINN FYRIR

# Íslendingar hafa eytt 900 milljónum í Harry Potter

Íslendingar hafa keypt Harry Potter-bækur, mynddiska og bíómiða fyrir 900 milljónir íslenskra króna. Þá er ekki tekið með í reikninginn tölvuleikirnir og þær ótalmörgu skólatöskur, pennaveski og jafnvel boltar sem hafa selst eins og heitar lummur í leik- og ritfangaverslunum landsins. Síðustu forvöð eru að sjá síðustu Harry Potter-myndina, Harry Potter og Dauðadjásnin 2, í bíó um þessar mundir.

Fyrsta Harry Potter-bókin af sjö eftir J.K. Rowling, Harry Potter og viskusteininn, kom út hér á landi í íslenskri þýðingu árið 1999 á vegum bókaútgáfunnar Bjarts. Á þeim bænum höfðu menn óljósan grun um hvað væri í vændum. „Að meðaltali hefur hver bók selst í tuttugu þúsund eintökum,“ segir Guðrún Vilmundardóttur hjá Bjarti-Veröld, sem gefur bækurnar út hér á landi. Sem þýðir að 140 þúsund Harry Potter-bækur hafa selst hér á landi. Ef hver þeirra kostar í kringum 2.500 krónur hafa Potter-bækur verið seldar fyrir 350 milljónir íslenskra króna.

Þorvaldur Árnason, framkvæmdarstjóri Samfilm, segir að frá því að fyrsta myndin um Potter og vini hans var frumsýnd árið 2001 hafi 430 þúsund gestir séð Harry Potter-myndirnar átta, bíómiðar hafi því verið seldir fyrir 360 milljónir. Nýjasta myndin, Harry Potter og Dauðadjásnin 2, hefur þegar halað inn 63 milljónir í miðasölu. „Í upphafi óraði engan fyrir að þetta yrði svona vinsælt í tíu ár.

Maður er náttúrulega bara rosalega glaður og það er ekki hægt að kvarta undan Harry Potter,“ en hver einasta Potter-mynd hefur halað inn yfir milljarð dala í miðasölu á heimsvísu.

En þá er ekki allt upptalið því Þorvaldi reiknast til að hátt í 75 þúsund Harry Potter-mynddiskar hafi selst hér á landi og miðað við útsöluverð, sem er 2.500 krónur, gerir það sölu upp á 187 milljónir. **freyrgigja@frettabladid.is**




**ÓTRÚLEGT ÆÐI**

Harry Potter-ævintýrið verður sennilega aldrei endurtekið. Sjö bækur seldust að meðaltali í tuttugu þúsund eintökum hér á landi og 460 þúsund Íslendingar fóru að sjá átta bíómyndir um töfrastrákinn í kvikmyndahúsum landsins. Hátt í 75 þúsund mynddiskar með Harry Potter-myndunum hafa selst.

# Þrjú tonn af lóðum til landsins

Skip lagði í gær af stað frá Bandaríkjunum til Íslands með þrjú tonn af lyftingalóðum.

Lóðin, ásamt lyftingatækjum sem koma með flugi, verða til sýnis í Bíó Paradís í tengslum við sýningu heimildarmyndarinnar Challenging Impossibility á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF.

Andrés Ramon, sem stendur fyrir flutningi tækjanna, sá heimildarmyndina á Tribeca-hátíðinni í New York í vor og lét forsvarsmenn RIFF vita af myndinni. „Í framhaldinu kom þessi hugmynd að vera með þessa tækjasýningu. Þau á hátíðinni voru rosalega jákvæð og opin fyrir þessu og þetta verður bara mjög spennandi,“ segir Andrés en tveir náungar sem sáu um sams konar tækjasýningu á Tribeca koma einnig til landsins.

Challenging Impossibility fjallar um andlega leiðtogann Sri Chinmoy frá Indlandi sem árið 2004, 76 ára gamall, lyfti rúmum nítíu þúsund kílóum á fjórum klukkustundum til að sýna styrk sinn. Með þessu vildi hann sýna fram á að aldur fólks væri í huga þess en ekki í hjartanu.

Um eina og hálfa milljón kostar að flytja lóðin og lyftingatækin til landsins og það er Sri Chinmoy-setrið á Íslandi sem borgar. Það hefur verið starfrækt í um þrjátíu ár.

Andrés þekkti Chinmoy og stundaði hugleiðslu hjá honum í tíu ár, eða þangað til hann dó 2007. „Ég fór nokkrum sinnum til New York að hitta hann og var viðstaddur þessa sýningu sem myndin fjallar um,“ segir hann. „Hann var mjög merkileg manneskja og það var mjög áhrifamikið að hafa kynnst honum og verið hjá honum á meðan hann var á lífi.“ **- fb**



**ANDRÉS RAMON** Andrés stendur fyrir tækjasýningunni sem verður haldin vegna myndarinnar Challenging Impossibility.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# SÍÐASTI SÉNS

## SPORTBÚÐARÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

# ÚTSALA

## ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

KASTSTANGIR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEIÐIJAKKAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEIÐITÖSKUR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

FLUGUSTANGIR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VÖÐLUR
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

VEIÐIVESTI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

FLUGUHJÓL
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

FLUGULÍNUR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SPÚNAR OG FLUGUR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?



TOBIE FRÁ 299,-
BLEIKJUSPINNER 299,-
PEACOCK 220,-
KRÓKUR 220,-
BLACK GHOST 290,-

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA - ORMAR OG MAKRÍLL

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bók um Elly frestað

Útgáfufélagið Sena hefur frestað ævisögu söngkonunnar Ellyjar Vilhjálms fram á næsta ár. Útvarpskonan **Margrét Blöndal** hefur unnið að ritun ævisögunnar síðan í vor og stefnt var að því að bókin yrði í jólabókaflóðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Þór Eyþórssyni hjá Senu kom í ljós að höfundurinn þyrfti meiri tíma en upphaflega var talið til að gera ævi Ellyjar almennilega skil og ákveðið var að vanda frekar til verksins en lenda í tímaþröng á síðustu metrunum.



### Líkt við Stevie Ray Vaughan

Tónlistarmaðurinn **Beggi Smári** fær fjórar stjörnur af sex mögulegum fyrir fyrstu plötu sína, Mood, á vefsíðu danska blaðsins BT. Gagnrýnandinn líkir honum saman við blúsgítarsnillinginn sáluga Stevie Ray Vaughan, sem hlýtur að teljast mikill heiður. Beggi fær plús í kladdann fyrir lagasmíðar sínar, sem gagnrýnandinn líkir við eldflaug sem skýst út úr hátölurunum. Hann segir lögin einföld en vel heppnuð. Þannig lætur Beggi sömu þrjú til fjögur gítargripin hvað eftir annað hljóma eins og undurfagra sinfóníu.



- hdm, fb







